



ÁRSSKÝRSLA HSH 2024

Héraðsþing HSH
Grundarfirði 7. apríl 2025



Ársskýrsla HSH

Umsjón með útgáfu: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Prentun: Steinprent

Upplag: 40 stk.



GRUNDARFJARDARBÆR



**SVEITARFÉLAGIÐ
STYKKISHÓLMUR**



**EYJA- OG
MIKLAHOLTSHREPPUR**



SNÆFELLSBÆR



84. Héraðsþing HSH

1. Þingsetning.
2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara.
3. Skipun kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Lagðir fram skoðaðir reikningar.
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Kosning nefnda þingsins:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Íþróttanefnd.
 - c) Allsherjar- og laganefnd.
8. Ávörp gesta.
9. Fjárhagsáætlun lögð fram.
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Nefndarstörf.
12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
13. Kosningar:
 - a) Formaður HSH.
 - b) Aðrir í stjórn og varastjórn.
 - c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
 - e) Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.
 - f) Kosning fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ.
14. Önnur mál.
15. Þingslit.

Efnisyfirlit

84. Héraðsþing HSH	3
Ávarp formanns	6
Stjórn HSH starfsárið 2024-2025.....	7
Starfsfólk HSH	7
Pingfulltrúar	8
Styrkveitingar HSH	9
Íþróttamanneskja HSH 2024	11
Íþróttamanneskja HSH og Hestaíþróttamanneskja HSH 2024	11
Blakíþróttamanneskja HSH 2024	11
Skotíþróttamanneskja HSH 2024	12
Knattspyrnumanneskja HSH 2024.....	12
Kylfingur HSH 2024	13
Körfuknattleiksmanneskja HSH 2024.....	13
Vinnuþjarkar HSH 2024.....	13
Sjálfbóðaliðar HSH 2024.....	13
Verkefni HSH á árinu 2024	17
Íþróttamanneskja HSH 2024	17
Frjálsíþróttamót HSH 2024.....	17
83. Héraðsþing HSH 2024	17
Unglingalandsmót UMFÍ 2024	19
Skyndihjálparnámskeið þjálfara HSH	21
Elísa Viðarsdóttir – Næringin skapar meistarann	21
Abler netnámskeið fyrir þjálfara og stjórnarfólk HSH.....	21
Vesturlands samstarf	21
Stjórnarfundir HSH	21
Formannafundir HSH	22
HSH – Fyrirmyndarhérað.....	24
Íþróttafólk HSH.....	25
Vinnuþjarkar HSH.....	27
Formenn HSH	28
Framkvæmdastjórar HSH.....	29
Heiðursviðurkenningar HSH.....	30
Heiðursviðurkenningar UMFÍ.....	31
Heiðursviðurkenningar ÍSÍ.....	32
Lottó úthlutunarreglur HSH 2024	33

Lottó uppgjör 2024	34
Nýjar úthlutunarreglur HSH á lottó.....	35
Ársreikningur HSH	36
Ársskýrslur Aðildarfélaga	44
Aðildarfélög og formenn félaga	45
UMF. Víkingur/Reynir	46
UMF. Snæfell.....	50
Badmintondeild 2024.....	51
Frjálsíþróttadeild 2024	51
Knattspyrnudeild, yngri flokkar 2024.....	53
Körfuknattleiksdeild, meistaraflokkar 2024.....	54
Körfuknattleiksdeild, yngri flokkar 2024.....	61
UMF. Grundarfjarðar	63
UMF. Eldborg	68
UMF. Staðarsveitar	69
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	71
Hestamannafélagið Snæfellingur.....	72
Skotfélag Snæfellsness.....	77
Golfklúbburinn Vestarr	96
Golfklúbburinn Jökull	98
Golfklúbburinn Mostri	100
Golfklúbbur Staðarsveitar	102



Ávarp formanns

Ágætu félagar.

Starfsár HSH var með miklum ágætum, framkvæmdastjóri og stjórn hafa lagt sig fram um að rækta hlutverk sitt. Formannafundur HSH voru vel sóttir og eru þeir kjörinn vettvangur til að skiptast á skoðunum. Tekin var upp sú nýbreytni að framkvæmdastjóri og stjórnarfolk óskuðu eftir því að sitja aðalfundi aðildarfélaga HSH. Að hafa tækifæri á að sitja aðalfundi félaganna veitir allt aðra sýn á starf félaganna, sérstaklega hvaða skoðun og sýn hinn almenni félagsmaður hefur á starfi HSH og félaganna.

Hvert er hlutverk HSH er t.d. spurning sem oft hefur verið spurt að á aðalfundum, formannafundum og þingum HSH, spurning sem á alveg rétt á sér. Svarið er að finna í því merka plaggi sem var útbúið til að fá viðurkenninguna fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Hlutverk héraðsambandsins er:

- að gæta hagsmuna íþróttahreyfingarinnar innan héraðsins og vera málsvari hennar gagnvart opinberum aðilum, innan héraðs og utan.
- að staðfesta lög aðildarfélaga, halda utan um staðfest lög þeirra og skila yfirliti til ÍSÍ yfir þau í lok hvers árs.
- að stuðla að fræðslu og bættri lýðheilsu meðal íþróttaiðkenda og íbúa í héraði.
- að vinna að jafnrétti allra.
- að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins í samræmi við íþróttalög, lög ÍSÍ og UMFÍ og vera fulltrúi aðildarfélaganna gagnvart ÍSÍ og UMFÍ.
- að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt eða falið að ráðstafa.
- að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál í héraði.
- að hafa forystu um sameiginlega hagsmuni, félagsmál og að efla samvinnu íþróttafélaga innan héraðs og iðkenda þeirra.
- að tilkynna til ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi stofnun nýrra félaga.

Vonandi svarar þessi upptalning á hlutverki HSH spurningunni. Einnig vona ég að sem flestir búnir að kynna sér hvað felst í því að vera fyrirmyndarhérað.

Á síðasta héraðsþingi var samþykkt tillaga um að hvetja aðildarfélög HSH að fara í vinnu við að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Að vinna eftir skipulegu hlutverki, framtíðarsýn, stefnum, viðbragðsáætlun, siðareglum og svo ótalmargt fleira, auðveldar sjálfbóðaliðum og starfsfólki alla vinnu.

Íþróttastarfið á sambandsvæði HSH.

Stóru aðildarfélögin eru að skora mjög hátt á landsvísu í fjölda iðkenda á grunnskóla aldri, en hvað með eldri iðkendur t.d. meistaraflokka er það starf eins og vera ber? Því miður er brottfall á unglingsárunum alltof mikið og félögin því að glíma við fámenni í hópíþróttum. Eru félögin ekki að sinna uppbyggingu nægilega vel, ekki að skapa verkefni við hæfi fyrir iðkendur sem ekki komast í meistaraflokka? Þurfa félögin ekki að fara að sinna afreksstarfi betur t.d. með aðkomu framhaldsskóla Snæfellinga (FSN) í gegnum íþróttakademíu skólans. Í afreksstefnu ÍSÍ segir að mikilvægt er að efla aðkomu íþróttahéraða að afreksíþróttastarfinu. Æskilegt er að hvert íþróttahérað skilgreini sínar áherslur og stefnur í afreksíþróttastarfi. Undirritaður kallar eftir því að afreksstjóri ÍSÍ komi og kynni afreksstefnu ÍSÍ inni í héruðunum.

Kærar þakkir til allra okkar frábæru sjálfbóðaliða. Mikilvægi ykkar er ómetanlegt. Einnig þakkir til stjórnar og framkvæmdastjóra HSH.

Hjörleifur K Hjörleifsson

Formaður HSH.

Stjórn HSH starfsárið 2024-2025

Formaður	Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson
Varaformaður	Berglind Long
Gjaldkeri	Garðar Svansson
Ritari	Laufey Bjarnadóttir
Meðstjórnandi	Kristfríður Rós Stefánsdóttir

Varastjórn:

Jón Bjarki Jónatansson
Jón Pétur Pétursson
Hildur Þórsdóttir
Þórhalla Baldursdóttir

Starfsfólk HSH

Framkvæmdastjóri Gunnhildur Gunnarsdóttir

Úr 13. grein laga HSH

Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:

2 fulltrúa fyrir fyrstu 100 félagsmenn

3 fulltrúa fyrir hverja 101 – 300 félagsmenn

4 fulltrúa fyrir hverja 301 og fleiri félagsmenn

Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf sem stjórn HSH leggur til.

Stjórnarfólk HSH eru sjálfkjörnir þingfulltrúar með atkvæðisrétt, málfrelsi og tillögurétt.

Þingfulltrúar

Félag	Fjöldi félagsmanna	Þingfulltrúar
UMF. Eldborg	70	2
UMF. Staðarsveitar	50	2
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	98	2
UMF. Víkingur Ólafsvík	397	4
UMF. Snæfell	670	4
UMF. Grundarfjarðar	624	4
UMF. Reynir Hellisandi		2
Golfklúbburinn Mostri	119	3
Golfklúbburinn Vestarr	118	3
Golfklúbburinn Jökull	107	3
Golfklúbbur Staðarsveitar	31	2
Hestamannafélagið	274	3
Snæfellingur		
Skotfélag Snæfellsness	191	3
Samtals	2749	37

Styrkveitingar HSH

Reglur um úthlutun styrkja hjá stjórn HSH voru samþykktir á stjórnarfundum HSH haustið 2023.

Reglugerð um styrki stjórnar HSH (verkefnasjóður)

Æfinga- og keppnisferðir liða erlendis	5000 kr. á einstakling
Val í úrvalshóp og unglíngalandsmótsþátttaka	8900 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	50.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, innanlands	35.000 kr. á einstakling
Val í landslið	45.000 kr. á einstakling
Nýjungar/sérstök verkefni/fyrirlesarar/kynningar o.fl.	75.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Áhaldakaup, 10% af kostnaðarverði, en þó að hámarki:	100.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki:	100.000 kr. á félag/nefnd/ráð

Eftirtalin aðildarfélög/einstaklingar sóttu um og fengu styrk á árinu 2024:

Ungmennafélagið Snæfell	70.000 kr.
Ungmennafélagið Víkingur	90.000 kr.
Arnar Geir Diego Ævarsson - Landslið	45.000 kr.
Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir – Landslið	45.000 kr.
Adda Sigríður Ásmundsdóttir – Unglíngalandslið	45.000 kr.
Sturla Böðvarsson – Unglíngalandslið	45.000 kr.
Samtals	344.000 kr.



ÍPRÓTTAMANNESKJA HSH 2024 SIGURODDUR PÉTURSSON



Íþróttamanneskja HSH 2024

Kjör á íþróttamanneskju ársins 2024 var með breyttu sniði í ár, en hófið fór fram að Langaholti þar sem íþróttafólki- og vinnuþjórkum HSH voru veittar viðurkenningar fyrir þeirra afrek. Að auki var sjálfboðaliðum HSH veitt silfurmerki HSH fyrir þeirra störf í þágu héraðsins. Er þetta í fyrsta skiptið sem HSH veitir silfurmerki.

Íþróttamanneskja HSH og Hestaíþróttamanneskja HSH 2024

Siguroddur Pétursson

Siguroddur hefur staðið sig gríðarlega vel á árinu og á Landsmóti hestamanna keppti hann í B flokki gæðinga á Sól frá Söðulsholti og var 5. efstur inn í A-úrslit sem er gríðarlega góður árangur.

Á alþjóðlegum stöðulista sem er inni á World Feng (alþjóðlegur gagnagrunnur íslenska hestsins) er hann á meðal 20 efstu í fjórum greinum. Á alþjóðlegum stöðulista ná inn allir þeir sem hafa keppt á íslenska hestinum hvar sem er í heiminum og ná þeim árangri að vera meðal 30 efstu.

Í íþróttakeppni er staða hans á alþjóðlega stöðulistanum sem hér segir:

Í tölti T3 er hann í 3. sæti á Sól frá Söðulsholti með 7,57 í einkunn.

Í fjörgangi V2 er hann í 5. sæti á Sól frá Söðulsholti með 6,93 í einkunn.

Í fimmgangi F2 er hann í 14. sæti á Tign frá Hrauni með 6,53 í einkunn.

Í gæðingakeppni er staða hans á alþjóðlega stöðulistanum sem hér segir:

Í B flokki er hann í 11. sæti á Sól frá Söðulsholti með 8,73 í einkunn.

Á íþróttamóti Snæfellinga var hann í 1. sæti fimmgang og fjörgang og 2. sæti í tölti.

Á Hestapingi Snæfellinga var hann í 1. sæti í B-flokk og 3. sæti í A-flokk.

Á Íþróttamóti Dreyra Akranesi var hann í 1. sæti í bæði tölti og fjörgangi á Sól frá Söðulsholti og 2. sæti í fimmgangi og 1. sæti í gæðingaskeiði á Tign frá Hrauni.

Í KB mótardöðinni var hann í 1. sæti tölti og fjörgangi.

Frábær árangur og er öðrum knöpum til fyrirmyndar utan sem innan vallar.

Blakíþróttamanneskja HSH 2024

Anna María Reynisdóttir hefur verið lykilkona í blakinu hjá UMFG frá upphafi. Hún hefur spilað blak í 29 ár og hefur gengt stóru hlutverki öll þessi ár, hvort sem við höfum verið með lið í úrvalsdeild eða neðri deildum. Ásamt því að halda utan um umgjörð heimaleikja eða ferðalög út á land. Anna Mæja hefur verið fyrirliði í fleiri ár og tekur ávallt vel á móti nýjum kynslóðum leikmanna. Hún er frábær liðsmaður og mikil fyrirmynd bæði innan og utan vallar. Hún hefur látið til sín taka í stjórnnum fyrir bæði barnastarf og meistaraflokka. Hún er hvetjandi og er í blaki af lífi og sál. Það eru fáir jafn miklir stuðpinnar og hún Anna Mæja og er hún

óneitanlega aldursforseti liðsins. Hún er algjörlega ómissandi og hefur marg oft reynt að hætta en sem betur fer alltaf hætt við að hætta.

Skotiþróttamanneskja HSH 2024

Arnar Geir hefur verið einn fremsti keppandi félagsins í PRS riffilskotfimi um árabíl og er í raun einn fremsti keppandi landsins í þessari grein. Hann keppir í opnum flokki þar sem allir bestu keppendur landsins keppa. Í byrjun sumars fór Arnar Geir til Noregs þar sem hann keppti á “Viking Trail” sem er hluti af Evrópsku Pro seríunni, þar sem allar helstu riffilskyttur í Evrópu keppa en 106 keppendur voru skráðir til leiks frá 20 löndum. Í Noregi náði Arnar Geir sér í mikla þekkingu og reynslu sem hefur reynst félaginu okkar og öðrum keppendum félagsins mjög vel.

Arnar Geir tók þátt í Íslandsmeistara mótaröðinni þar sem hann náði góðum árangri. Mótaröðin saman stendur af 7 mótum sem haldin eru um allt land og 3 bestu mótin telja til úrslita. Hann endaði í 6. sæti af 27 keppendum sem er frábær árangur. Arnar Geir var einn af aðeins þremur keppendum sem tóku þátt í öllum mótunum og það sýnir áhuga og metnað Arnars.

Af þessum 7 mótum voru tvö þeirra haldin hjá Skotfélagi Snæfellsness en Arnar Geir sá alfarið um skipulagningu og framkvæmd þeirra ásamt Kára Gunnarssyni og Gunnari Ásgeirssyni. Það er mjög erfitt að vera bæði skipuleggjandi og framkvæmdaraðili á sama tíma og má því ætla að árangurinn hefði orðið enn betri ef hann hefði getað einbeitt sér 100% að keppninni. Mótin voru mjög vel heppnuð og seinna mótið er umtalað sem besta mót sem haldið hefur verið á Íslandi fyrr og síðar.

Í september fór Arnar Geir til Colorado þar sem hann keppti á heimsmeistaramótinu í PRS fyrir Íslands hönd. Íslenska landsliðið endaði í 17. sæti af 23 sem er frábær árangur. Arnar Geir náði bestum árangri íslensku keppendanna og endaði í 77. sæti af 267 keppendum mótsins.

Arnar Geir hefur sýnt það að hann hefur gríðarlega mikinn metnað bæði á keppnisvælinum sem og utan vallar. Hann hefur lagt líf og sál í bæði keppni og keppnishald og er gríðarlega mikilvægur fyrir félagið okkar og góð fyrirmynd fyrir aðra félagsmenn.

Knattspyrnumanneskja HSH 2024

Asmer Begic hefur náð langt á sínum knattspyrnuferli þrátt fyrir ungan aldur. Asmer var algjör lykil leikmaður í meistaraflokksliði Víkings Ó sem var hársbreidd frá því að komast upp úr 2. deild þrátt fyrir að vera aðeins 17 ára gamall. Asmer er frábær fyrirmynd fyrir aðra leikmenn, hann leggur sig gríðarlega fram á hverri einustu æfingu og hverjum einasta leik og nýtir alla frídaga í aukaæfingar.

Kylfingur HSH 2024

Rögnvaldur Ólafsson er klúbbmeistari Golfklúbbsins Jökuls Ólafsvík árið 2024 og er búinn að vera meistari undanfarin ár. Rögnvaldur spilaði mikið sumarið 2024 og náði góðum árangri á vellinum. Rögnvaldur er mikið á vellinum að æfa. Þegar unglingar og nýliðar eru á vellinum er hann alltaf boðinn og búinn að aðstoða þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í golfíþróttinni og er það gríðarlega mikilvægt að menn séu til staðar þegar nýliðar eru að fóta sig í íþróttinni.

Körfuknattleiksmanneskja HSH 2024

Snjólfur Björnsson er uppallinn Snæfellingur. Hann hefur stundað körfubolta frá unga aldri en kom nýverið aftur heim í Snæfell. Snjólfur er frábær leiðtogi innan vallar sem utan, góður varnarmaður og mikill baráttujaxl. Hann er einnig fyrirliði karlaliðs Snæfells í körfuknattleik. Snjólfur er góð fyrirmynd fyrir unga iðkendum og mikill félagsmaður.

Vinnuþjarkar HSH 2024

Samstarf frjálsíþróttþjálfaranna á nesinu hefur vakið eftirtekt. Um 150 börn stunda nú frjálsar íþróttir hjá Umf. Víking/Reyni, Umf. Grundarfjarðar og Umf. Snæfell. Gott samstarf er á milli þjálfaranna, þeirra Ingunnar Ýrar Angantýsdóttur, Kristínar Höllu Haraldsdóttur og Bjargar Gunnarsdóttur. Þær stöllum hafa farið á innanhúsmót fyrir sunnan með hóp barna og unglinga, meðal annars á meistaramót FRÍ og silfurleika ÍR. Þá fór stór hópur á Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi og stóð sig mjög vel í frjálsum íþróttum. Hér eru þær að leggja grunninn að eflingu frjálsíþróttastarfs innan aðildarfélaga HSH og hafa kveikt áhuga margra barna og unglinga á íþróttaiðkun.

Sjálfbóðaliðar HSH 2024

Aðildarfélög HSH fengu tækifæri til þess að tilnefna sjálfbóðaliða ársins fyrir sitt félag. Sjálfbóðaliðunum var veitt Silfurmerki HSH, viðurkenningarskjál og blómvöndur og þeim þakkað fyrir þeirra störf í þágu sinna aðildarfélaga. Þau sem voru heiðruð að þessu sinni voru:

Birta Antonsdóttir – UMF. Snæfell

Birta hefur verið formaður yngri flokka Snæfells í körfubolta í nokkur ár, hún er einnig tengiliður á milli yngri flokka og meistaraflokka. Birta er frábær sjálfbóðaliði sem gengur í allt sem gera þarf, hún t.d. gerir og græjar allt sem yfirþjálfari sá um á meðan deildin hafði yfirþjálfara í vinnu.

Fannar Hilmarsson – UMF. Víkingur/Reynir

Fannar, frá Víkingi Ó, hefur verið boðinn og búinn til að aðstoða okkur við það sem vantar. Það var honum að þakka að við fengum til okkar tækniþjálfun Gylfa Sig sem naut gríðarlegra vinsælda hjá fótbolta krökkunum á öllu nesinu. Hann kom svo núna í haust nýr inn í stjórn samstarfsins og erum við afar þakklát fyrir hans góðu störf í okkar þágu.

Jón Pétur Pétursson – UMF. Grundarfjarðar

Jón Pétur hefur alla tíð verið duglegur að sinna sjálfbóðaliðastarfi hjá Skíðadeild UMFG. Hann hefur síðustu árin unnið mikla vinnu á skíðasvæðinu við að byggja upp betri aðstöðu ásamt því að setja upp snjógildirur til þess að hægt sé að eiga fleiri daga í fjallinu, en það sést oft til hans á sumrin og haustum í skíðabrekkunni að laga það sem þarf að laga og betrumbæta. Þegar lyftan er opin er hann oftast en ekki mættur í brekkuna og kennir bæði ungum sem öldnum á skíði og að taka lyftuna. Það er ekki sjálfgefið að fólk gefi tíma sinn eins og hann og erum við þakklát fyrir hans framlag til skíðasvæðisins.

Ragnar Smári Guðmundsson – Golfklúbburinn Vestarr

Ragnar, hjá Golfklúbbnum Vestarr, hefur ávallt verið tilbúinn að aðstoða við ýmis störf á golfvælinum og í fjáröflun þegar til hans er leitað. Golfklúbburinn fór í sitt stærsta verkefni nú í vor þegar Klúbburinn keypti golfvöllinn ásamt athafnasvæði af landeiganda. Verkefni sem ekki hefði verið hægt að kljúfa nema með mikilli aðstoð og velvilja þeirra sem leitað var til við þessi kaup. Ragnar lagði fram mikla vinnu við öflun stuðnings við verkefnið. Við teljum Ragnar vera vel kominn að því að vera sjálfbóðaliði ársins.

Unnsteinn Guðmundsson – Skotfélag Snæfellsness

Unnsteinn Guðmundsson var einn af stofnendum Skotfélags Snæfellsness og hefur verið einn öflugasti sjálfbóðaliði félagsins í 38 ár. Hann hefur einnig átt stóran þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem hefur átt sér stað á æfingasvæðinu undanfarin ár og oft hefur Unnsteinn séð um að útvega efni og tæki til framkvæmdanna. Hann er ekki að mikla hlutina fyrir sér heldur tekur bara af skarið og gerir það sem þarf að gera óumbeðinn, annað hvort einn síns liðs eða fær aðra félagsmenn í lið með sér. Félagið væri ekki eins öflugt og það er í dag ef það væri ekki fyrir störf Unnsteins.

Það hefði í raun mátt heiðra Unnstein á hverju ári undanfarin ár fyrir hans störf fyrir félagið, en árið í ár var alveg sérstakt. Félagið er í mikilli uppbyggingu á skotsvæðinu og Unnsteinn eyddi öllu sumarfríinu sínu í vinnu á skotsvæðinu. Hann var við vinnu á skotsvæðinu frá morgni til kvölds, ýmist einn síns liðs eða fékk aðra félagsmenn með sér. Hann sá um alla skipulagningu jarðvegsframkvæmda, framkvæmda við vatnslagnir, endurbætur á veginum, steypuvinnu, yfirborðsfrágang og smíðavinnu í skothúsinu svo eitthvað sé nefnt. Unnsteinn átti frumkvæðið að framkvæmdunum, hann sá um að útvega tæki, sá um samskipti við verktaka og sá um að fjármagna framkvæmdirnar að hluta til. Hann sá í raun um framkvæmdirnar allar frá a til ö. Æfingasvæðið fékk algjöra andlitslyftingu í sumar og það er umtalað að þetta sé orðið flottasta skotæfingasvæði á Íslandi. Unnsteinn á allan heiðurinn af þessu því ef hann hefði ekki tekið af skarið þá hefði lítið verið gert þetta sumarið. Það er ekki sjálfgefið að félagsmenn eyði öllum sumarleyfisögnum sínum í sjálfbóðavinnu. Það er ómetanlegt að eiga félagsmann eins og Unnstein.



**BLAKÍÞRÓTTAMANNESKJA HSH
ANNA MARÍA REYNISDÓTTIR**



**SKOTÍÞRÓTTAMANNESKJA HSH
ARNAR GEIR DIEGO ÆVARSSON**



**KNATTSPYRNUMANNESKJA HSH
ASMER BEGIC**



**KYLFINGUR HSH
RÖGVALDUR ÓLAFSSON**



**HESTAÍÞRÓTTAMAÐUR HSH
SIGURODDUR PÉTURSSON**



**KÖRFUKNATTLEIKSMANNESKJA HSH
SNJÓLFUR BJÖRNSSON**



**VINNUPJARKAR HSH
KRISTÍN HALLA HARALDSDÓTTIR, BJÖRG
GUNNARSDÓTTIR OG INGUNN ÝR ANGANTÝSDÓTTIR**



Verkefni HSH á árinu 2024

Íþróttamanneskja HSH 2024

Þann 12. janúar fór fram afhending verðlauna til Íþróttafólks HSH. Að auki var dugnaðarforkum- og sjálfbóðaliðum HSH veittar viðurkenningar fyrir þeirra störf.

Siguroddur Pétursson var kjörinn Íþróttamanneskja HSH 2024 ásamt því að vera kjörinn Hestaíþróttamanneskja HSH.

Frjálsíþróttamót HSH 2024

Páskamót HSH í frjálsum íþróttum var haldið í Snæfellsbæ 23. mars 2024. Um 60 keppendur mættu til leiks en mótið gekk hratt og vel fyrir sig. Þátttakendur fengu verðlaunapening og páskaegg að móti loknu. Vel var mætt í stúkuna og sjálfbóðaliðar mótsins stóðu sig vel.

83. Héraðsþing HSH 2024

83. Héraðsþing HSH var haldið á Lýsuhóli þann 11. apríl 2024 þingshaldarar voru UMF. Staðarsveit og Golfklúbbur Staðarsveitar. Við þökkum þeim fyrir gott utanumhald og móttökur.

Þingforsetar voru þau Kristján Þórðarson og Ragnhildur Sigurðardóttir og ritarar þingsins voru þær María Alma Valdimarsdóttir og Berglind Long. Þingið gekk vel fyrir sig og mæting þingfulltrúa var mjög góð.

Margar tillögur voru lagðar fyrir þingið og eiga þingfulltrúar hrós skilið fyrir vel unnin störf. Ný lög HSH voru samþykkt samhljóða með breytingatillögu en fyrst og fremst var verið að uppfæra lögini miðað við tíð og tíma en gömlu lögini voru samþykkt árið 2008. Þá voru tillögur um arðgreiðslu og lottóuppgjör samþykktar samhljóða og skiptingu á afkomu af Landsmóti 50+ samþykktar með breytingatillögu. Þá voru einnig samþykktar samhljóða ýmsar þakkar- og hvatningartillögur.

Viðar Sigurjónsson ávarpaði þingið fyrir hönd ÍSÍ en að auki veitti hann heiðursviðurkenningar. Þeir Bjarni Alexandersson og Gunnar Kristjánsson voru sæmdir Gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra störf en þeir voru stofnfélagar í Hestamannafélaginu Snæfellingi. Þeir störfuðu báðir ótullega fyrir félagið um langt árabíl. Þá var Kristján Ágúst Magnússon sæmdur Silfurmerki ÍSÍ en hann hefur verið virkur í starfi Ungmennafélagsins Eldborgar í mörg ár.

Guðmunda Ólafsdóttir ávarpaði þingið fyrir hönd UMFÍ en að auki veitti hún, ásamt Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ heiðursviðurkenningar. Ragnhildur Sigurðardóttir og hjónin Þóra Kristín Magnúsdóttir og Helgi Sigurmonsson voru sæmd starfsmerki UMFÍ. Öll hafa þau verið mjög virk í starfi UMF. Staðarsveitar í mörg ár og unnið þar gríðarlega mikilvægt starf. Að lokum var María Alma Valdimarsdóttir sæmd Gullmerki UMFÍ fyrir hennar störf í þágu UMF. Snæfells. María hefur setið í aðalstjórn félagsins frá árinu 1994 og alltaf boðin og búin til þess að aðstoða.

HSH óskar öllu þessu frábæra fólki til hamingju og þakkar fyrir vel unnin störf.

Að lokum var komið að stjórnarkjöri. Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson gaf áfram kost á sér sem formaður HSH og var það samþykkt með lófaklappi. Laufey Bjarnadóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, sitjandi stjórnarliðar, gáfu áfram kost á sér til vinnu í stjórn HSH næstu tvö árin. Var það einnig samþykkt með lófaklappi. Stjórnin mun því starfa óbreytt fram að næsta Héraðsþingi HSH.

Hægt er að skoða þinggerð, ársreikninga og ásskýrslu HSH á heimasíðu HSH.



Unglingalandsmót UMFÍ 2024

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Rúmlega 50 þátttakendur frá HSH tóku þátt í ár og er það fjölmennasti hópur sem hefur farið frá HSH í mörg ár. Mótið fór vel fram og voru bæði keppendur og aðstandendur ánægðir með hvernig tókst til. Á mótinu var keppt bæði í hefðbundnum sem og óhefðbundnum greinum og því eitthvað fyrir alla. Keppendur HSH voru til fyrirmyndar og voru sér og öðrum til sóma. Þau fengu merktar derhúfur að gjöf svo öll voru þau vel merkt og sýnileg. Ingibjörg Eyrún, formaður UMF. Grundarfjarðar tók að sér verkefnastjórn HSH á mótinu og gerði það vel. Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið dagana 31. júlí – 3. ágúst 2025 og hvetur HSH fjölskyldur til þess að fjölmenna austur.





Skyndihjálparnámskeið þjálfara HSH

HSH bauð upp á skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara og stjórnarmeðlimi aðildarfélaganna í september. Námskeiðin fóru fram í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi. Markmiðið með því að bjóða upp á námskeið sem þessi er að þjálfarar innan HSH séu með gilt skyndihjálparskírteini. Námskeiðin gengu vel fyrir sig en um 20 þjálfarar og stjórnarmeðlimir sátu námskeiðin. Gísli Pálsson var leiðbeinandi á námskeiðunum. Að námskeiðum loknum bauð HSH þátttakendum upp á hressingu.

Þátttakendurnir voru sammála um að námskeið sem þessi væru gríðarlega mikilvæg og því er það stefna HSH að boðið verður áfram upp á skyndihjálparnámskeið á haustin.

Elísa Viðarsdóttir – Næringin skapar meistarann

Í hreyfiviku Evrópu bauð HSH í samstarfi við ÍSÍ upp á fyrirlestur fyrir unglunga á Snæfellsnesi. Að þessu sinni var það Elísa Viðarsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur og landsliðskona í knattspyrnu sem kom og var með fyrirlestur sem bar heitið „Næringin skapar meistarann – Næring fyrir heilbrigða framtíð“. Fyrirlesturinn fór fram í Grunnskóla Snæfellsbæjar, FSN fyrir bæði Grunnskóla Grundarfjarðar og nemendur FSN og Grunnskólanum í Stykkishólmi.

Abler netnámskeið fyrir þjálfara og stjórnarfólk HSH

Í desember 2024 stóð HSH fyrir netnámskeiði fyrir bæði þjálfara og stjórnarfólki aðildarféлага HSH. Námskeið Abler vakti mikla lukku.

Vesturlands samstarf

Framkvæmdastjórar héraða á Vesturlandi hafa myndað gott teymi með Heiðari Mar Björnssyni og Álfheiði Sverrisdóttur en þau eru starfsmenn svæðisstöðvanna á Vesturlandi. Hlutverk svæðisstöðva íþróttahéraðanna er að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni.

Teymið okkar á Vesturlandi vinnur hörðum höndum að því að samræma stefnur, vinnubrögð og annað sem kemur að héruðunum. Þessa stundina er verið að vinna að sameiginlegri aga stefnu fyrir þjálfara á Vesturlandi auk skipulags á deginum „Allir með á Vesturlandi“. Allir með er samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (ÍSÍ, UMFÍ og ÍF) en verkefnið gengur út á að fjölga tækifærum á hreyfingu fyrir börn með fötlun. Stefnt er að því að halda Allir með á Vesturlandi haustið 2025.

Stjórnarfundir HSH

Stjórnarfundir HSH voru átta talsins á árinu. Allar fundargerðir má finna inni á heimasíðu HSH undir sköl – fundargerðir – stjórnarfundir HSH.

Formannafundur HSH

Fyrri formannafundur HSH árið 2024 var haldinn í febrúar á Hótel Snæfellsness. Fundurinn var undirbúningsfundur fyrir þing HSH þar sem var farið yfir öll helstu atriðin fyrir þingið, s.s. ársskýrslur, ársreikningar og starfsskýrsluskil. Þá var einnig farið yfir tillögur fyrir þingið, breytingar á lögum HSH og tilnefningar til heiðursviðurkenninga ÍSÍ og UMFÍ. Fundargerðina er hægt að finna á heimasíðu HSH undir skjöl – fundargerðir – formannafundur HSH.

Seinni formannafundur HSH árið 2024 var haldinn í Stykkishólmi þann 15. október. Guðmunda Ólafsdóttir kom og vann að stefnumótun með formönnum aðildarfélaganna. Vel var mætt á fundinn og mynduðust góðar umræður.

Niðurstöður formannafundar voru að það er mikill samhljómur hjá fundarmönnum hvar þörfin er mest og hvað á að leggja áherslu á í starfi HSH. Þátttakendur voru sammála um að þörf sé á sterku íþróttahéraði sem getur veitt faglegan og fjárhagslegan stuðning til aðildarfélaga. Aga mál og samræmd vinnubrögð eru áberandi sem mikilvæg verkefni. Einnig er mikil áhersla lögð á forvarnir og menntun þjálfara, sem og að efla þekkingu með upplýsingagjöf. Að auka samstarf á milli aðildarfélaga kom mjög sterkt fram. Aukin aðstoð við sjálfbóðaliða og fjáröflun er brýn þörf inni hjá félögunum sjálfum.

Samantekt og þema greininga svara sýnir skýrt að HSH gegnir lykilhlutverki í að styðja íþróttastarf innan héraðsins og allir sammála um að íþróttahéraðið HSH er nauðsynlegt.

Helstu megin áherslur ættu að snúa að faglegri uppbyggingu héraðsins ásamt uppbyggingu aðildafélaga, vinna að öflugri samvinnu og stefnumótun, bæði hjá félögum og héraði. Auk þess sem sjónum væri beint að lausnum handa aðildarfélögum á aga vandamálum með samræmdri stefnu um aga mál. Mikið er rætt um fjármögnun félaga og vantar sárlega aðstoð þar sé þess kostur. Átt að lausn væri að eiga samtal við sveitarfélög um aukin stuðning við félögin.

Öllum hópum kom saman um að efla þarf menntun þjálfara og fræðslu fyrir alla með áherslu á sjálfbóðaliða. Uppbygging á aðstöðu fyrir íþróttastarf allt árið kom fram í nokkrum hópum en nokkur félög hafa ekki aðstöðu til þess að stunda sína grein allt árið um kring.

Mikilvægt er að stefna og áherslur HSH endurspegli þarfir félaganna og tryggi jöfn tækifæri fyrir öll sem taka þátt í íþróttum hvar sem þau búa innan héraðs.


HSH er að vinna að mikilvægu starfi á sínu sambandssvæði og hefur alla burði til þess að halda því áfram með öflugt bakland í samhljómi á áherslum frá sínum aðildarfélögum. Tækifærin eru víða.

Hér fyrir neðan má sjá þær fjórar spurningar sem unnið var með og greininguna á svörunum.


Þarf íþróttahérað?




Helsta hlutverk HSH?



Megináherslur HSH?



Mesta þörfin fyrir aðstoð innan félaga



HSH – Fyrirmyndarhérað

Á ársþingi HSH í apríl 2024 kom Viðar Sigurjónsson, starfsmaður ÍSÍ og var með kynningu á Fyrirmyndarhéraði og Fyrirmyndarfélagi ÍSÍ en í kjölfarið fór HSH að vinna að því að útbúa handbók HSH þar sem má finna allar upplýsingar um aðildarfélög HSH, hlutverk stjórnar, stefnur HSH, lög og reglugerðir ásamt fleiri mikilvægum upplýsingum. HSH var veitt viðurkenning sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ á formannafundi HSH í Grunnskólanum í Stykkishólmi í október 2024. Það var Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sem afhenti formanni HSH, Hjörleifi Kristni Hjörleifssyni, viðurkenninguna.

„Að fá þessa viðurkenningu mun hjálpa HSH að vera sýnilegt og halda áfram á þeirri vegferð sem HSH hefur verið að vinna að undanfarin misseri. Að vinna undir góðu skipuriti og skilgreiningu á hlutverki stjórnar og starfsmanna ásamt skýrri stefnu í hinum ýmsu málaflokkum, gerir alla vinnu mun auðveldari“ sagði Hjörleifur Kristinn formaður HSH.

HSH hvetur aðildarfélögin til þess að nýta sér handbók HSH.



ÍPRÓTTAMANNESKJUR HSH

Erling Jóhannsson	1965	ÍM
Sigurður Hjörleifsson	1966	ÍM
Erlingur Kristjánsson	1967	Reyni
Jón Pétursson	1968	Snæfell
Sveinn Guðmundsson	1969	Snæfell
Guðmundur Jóhannesson	1979	ÍM
Kristín Bjargmundsdóttir	1971	Snæfell
Gylfi Scheving	1972	Víkingur
Sigurþór Hjörleifsson	1973	ÍM
Ingibjörg Guðmundsdóttir	1974	ÍM
María Guðnadóttir	1975	Snæfell
María Guðnadóttir	1976	Snæfell
María Guðnadóttir	1977	Snæfell
Guðmundur Jóhannesson	1978	ÍM
Hreinn Jónasson	1979	Víkingur
María Guðnadóttir	1980	Snæfell
Björn Rafnsson	1981	Snæfell
Kristjana Hrafnkelsdóttir	1988	Snæfell
Hörður G. Gunnarsson	1989	UMFG
Hörður G. Gunnarsson	1990	UMFG
Bárður Eyþórsson	1991	Snæfell
Hildigunnur Hjörleifsdóttir	1992	Snæfell
Hjálmar Sigurþórsson	1993	Snæfell
Vignir Jónasson	1994	Snæfellingur
Vignir Jónasson	1995	Snæfellingur
Jón Ásgrímsson	1996	ÍM
Berglind Valdimarsdóttir	1997	Snæfell
Jón Þór Eyþórsson	1998	Snæfell
Skarphéðinn E. Skarphéðinsson	1999	Mostri
Kristófer Jónasson	2000	Víkingur
Lárus Ástmar Hannesson	2001	Snæfellingur

ÍPRÓTTAMANNESKJUR HSH

Jón Oddur Halldórsson	2002	Reynir
Rögnvaldur Ólafsson	2003	Jökull
Hlynur Elías Bæringsson	2004	Snæfell
Hlynur Elías Bæringsson	2005	Snæfell
Ingvaldur Magni Hafsteinsson	2006	Snæfell
Sigurður Ágúst Þorvaldsson	2007	Snæfell
Hlynur Elías Bæringsson	2008	Snæfell
Hlynur Elías Bæringsson	2009	Snæfell
Þorsteinn Már Ragnarsson	2010	Víkingur Ólafsvík
Jón Ólafur Jónsson	2011	Snæfell
Hildur Sigurðardóttir	2012	Snæfell
Hildur Björg Kjartansdóttir	2013	Snæfell
Berglind Gunnarsdóttir	2017	Snæfell
Vignir Snær Stefánsson	2018	Víkingur Ólafsvík
Gunnhildur Gunnarsdóttir	2019	Snæfell
Anna Soffía Lárusdóttir	2020	Snæfell
Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir	2021	Snæfellingur
Rebekka Rán Karlsdóttir	2022	Snæfell
Arnar Geir Diego Ævarsson	2023	Skotfélag Snæfellsness
Siguroddur Pétursson	2024	Snæfellingur

VINNUPJARKAR HSH

Viðar Gylfason	2005
Frjálsíþróttaráð HSH	2006
Knattspyrnuráð HSH	2007
Meistaraflokkur kvenna Snæfell	2008
Kristján B. Ríkharðsson og Þórunn Björg Einarsdóttir	2009
Heimasíðuumsjón meistarafll. Snæfells í körfubolta.	2010
Meistaraflokkur kvenna í blaki UMFG	2011
Stjórn Knattspyrnudeildar Víkings	2012
Stjórn Meistaraflokks Snæfells í körfubolta	2013
Björg Ágústsdóttir og Kristín Halla Haraldsdóttir	2014
Freydís Bjarnadóttir	2017
Skotgrund, Skotfélag Snæfellsness	2018
Stjórn Meistaraflokks Snæfells í körfubolta	2019
Stjórn Golfklúbbsins Jökuls	2020
Stjórn meistaraflokks Víkings Ólafsvík	2021
Skíðafélag Snæfellsness	2022
Magnús Ingi Bæringsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir	2023
Frjálsíþróttasamstarf HSH	2024

FORMENN HSH

Guðmundur Illugason	1922 - 1931	Kolbeinsstaðarhrepp
Sveinbjörn Jónsson	1931 - 1939	Kolbeinsstaðarhrepp
Kristján Jónsson	1934 - 1944	Kolbeinsstaðarhrepp
Gunnar Guðbjartsson	1944 - 1947	Miklaholtshrepp
Bjarni Andrésen	1947 - 1954	Stykkishólmi
Sigurður Helgason	1954 - 1955	Stykkishólmi
Þórður Gíslason	1955 - 1961	Staðarsveit
Haukur Sveinbjörnsson	1961 - 1965	Kolbeinsstaðarhrepp
Jónas Gestsson	1965 - 1970	Stykkishólmi
Skúli Alexandersson	1970 - 1971	Hellissandi
Jón Pétursson	1971 - 1972	Stykkishólmi
Guðmundur Sigurmonsson	1973 - 1975	Staðarsveit
Gunnar Kristjánsson	1976 - 1977	Grundarfirði
Pálmi Frímansson	1978	Stykkishólmi
Gylfi Magnússon	1979 - 1981	Ólafsvík
Jóhanna Leopóldóttir	1981 - 1983	Miklaholtshrepp
Magnús Alexandersdóttir	1983	Stykkishólmi
Ísleifur Jónsson	1984	Stykkishólmi
Ingi Hans Jónsson	1985 - 1988	Grundarfirði
Sesselja Páldóttir	1988	Stykkishólmi
Guðrún A. Gunnarsdóttir	1989 - 1991	Stykkishólmi
Hallur Pálsson	1991 - 1995	Grundarfirði
Eggert Kjartansson	1995 - 1998	Miklaholtshrepp
Guðmunda J. Hermannsdóttir	1998	Stykkishólmi
Sigfús Örn Gíslason	1998 - 2000	Ólafsvík
Kristín Halla Haraldsdóttir	2000	Grundarfirði
Guðmundur M. Sigurðsson	2000 - 2006	Kolbeinsstaðarhrepp
Garðar Svansson	2006 - 2011	Grundarfirði
Hermundur Pálsson	2011 - 2014	Stykkishólmi
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson	2016 -	Stykkishólmi

FRAMKVÆMDASTJÓRAR

Guðmundur Guðmundsson	1972 - 1973	Árnessýslu
Ingimundur Ingimundarson	1974 - 1975	Borgarfirði
Kristján Ragnarsson	1976	Helgafellssveit
Ísólfur Gylfi Pálmarrson	1977	Ólafsvík
Ingólfur Narfason	1978	Staðarsveit
Magnús Alexandersdóttir	1979	Stykkishólmi
Eðvarð Ingólfsson	1980	Hellissandi
Magnús Alexandersdóttir	1981 - 1982	Stykkishólmi
Lárentínus Kristjánsson	1983	Stykkishólmi
Gísli Björnsson	1985 - 1987	Grundarfirði
Valdimar Hreiðarsson	1988 - 1990	Stykkishólmi
Guðrún A. Gunnarsdóttir	1990 - 1992	Stykkishólmi
Ásbjörn Ásbjörnsson	1993	Stykkishólmi
Magnús Gylfason	1994	Ólafsvík
Vilborg Lilja Stefánsdóttir	1995 - 1997	Ólafsvík
Eggert Kjartansson	1997 - 1998	Miklaholtshreppi
Birgir Mikahelsson	1998	Stykkishólmi
Sigrún Ólafsdóttir	1998 - 2000	Ólafsvík
Unnur María Rafnsdóttir	2006 - 2008	Stykkishólmi
Eygló Bára Jónasdóttir	2008 - 2009	Grundarfirði
Garðar Svansson	2009 - 2016	Grundarfirði
Laufey Helga Árnadóttir	2017 - 2019	Ólafsvík
Daði Jörgensen	2019 - 2023	Ólafsvík
Gunnhildur Gunnarsdóttir	2023 -	Stykkishólmi

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR HSH

Heiðursfélagar HSH

Guðmundur Illugason		Miðgördum, Kolbeinsstaðarhrepp
Bragi Jónsson		Hoftúnum, Staðarsveit
Sveinbjörn Jónsson		Snorrastöðum, Kolbeinsstaðarhrepp
Þórður Gíslason		Ölkeldu, Staðarsveit
Sigurður Helgason		Reykjavík
Magnús Alexandersdóttir	2002	Stykkishólmi
Sigurþór Hjörleifsson	2002	Stykkishólmi

Gullmerki HSH

Silfurmerki HSH

Birta Antonsdóttir	2024	Umf. Snæfell
Fannar Hilmarsson	2024	Umf. Víkingur/Reynir
Jón Pétur Pétursson	2024	Umf. Grundarfirði
Ragnar Smári Guðmundsson	2024	Golfklúbburinn Vestarr
Unnsteinn Guðmundsson	2024	Skotfélag Snæfellsness

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR UMFÍ

Gullmerki UMFÍ

Magnús Alexandersdóttir	1992
Garðar Svansson	2023
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson	2023
Harpa Jónsdóttir	2023
María Alma Valdimarsdóttir	2024

Starfsmerki UMFÍ

Kristján Jónsson	1972	Margrét Þórðardóttir	2004
Ottó Árnason	1972	María Alma Valdimarsdóttir	2006
Stefán Ásgrímsson	1972	Sigrún Ólafsdóttir	2006
Þórður Gíslason	1972	Gunnar Kristjánsson	2008
Jón Pétursson	1973	Kristján Ágúst Magnússon	2008
Jónas Gestsson	1984	Ásta Guðrún Pálsdóttir	2008
Pálmi Frímansson	1988	Kjartan Páll Einarsson	2008
Hildur Sæmundsd.	1996	Kristján Þórðarson	2009
Grétar D. Pálsson	1997	Dagný Þórisdóttir	2010
Guðrún A. Gunnarsd.	1997	Sesselja Pálsdóttir	2010
Sigurþór Hjörleifsson	1997	Hallur Pálsson	2013
Stefán J. Sigurðsson	1997	Anna María Reynisdóttir	2013
Eiður Björnsson	1998	Harpa Jónsdóttir	2014
Lilja Stefánsdóttir	1998	Rán Kristinsdóttir	2017
Bryndís Jónasdóttir	1999	Guðmundur Gíslason	2018
Garðar Svansson	2000	Davíð Sveinsson	2019
Guðmundur Runólfsson	2003	Ragnhildur Sigurðardóttir	2024
Gunnar Svanlaugsson	2003	Þóra Kristín Magnúsdóttir	2024
Hjörleifur K. Hjörleifsson	2003	Helgi Sigurmonsson	2024
Vilhjálmur Pétursson	2003		

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR ÍSÍ

Gullmerki ÍSÍ

Magnús Alexandersdóttir	1987
Sigurþór Hjörleifsson	1992
Þóra Kristín Magnúsdóttir	1997
Kjartan Páll Einarsson	1998
Þorbergur Bæringsson	2010
Haukur Sveinbjörnsson	2012
Davíð Sveinsson	2012
Þorsteinn Björgvinsson	2013
Leifur Kr. Jóhannesson	2013
Högni Bæringsson	2013
Ríkharður Hrafnkelsson	2019
Gunnar Svanlaugsson	2019
Guðmundur M. Sigurðsson	2023
Bjarni Alexandersson	2024
Gunnar Kristjánsson	2024

Silfurmerki ÍSÍ

Kristján Þórðarson	1997
Eggert Kjartansson	1998
Elfa Ármannsdóttir	1998
Ríkharður Hrafnkelsson	2003
Garðar Svansson	2007
Páll Guðmundsson	2008
Kristín Halla Haraldsdóttir	2012
Guðmundur Gíslason	2013
Ásgeir Ragnarsson	2017
Hilmar Hauksson	2017
Kristmundur Sumarliðason	2018
Björg Ágúsdóttir	2018
Eyþór Benediktsson	2018
María Alma Valdimarsdóttir	2019
Kristján Ágúst Magnússon	2024

Þjónustumerki ÍSÍ

Kristján Jónsson	1963
------------------	------

Lottó úthlutunarreglur HSH 2024

REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓTEKNA HSH

1. 42% til HSH

2. 58 % til félaganna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:

a) 5% jafnt milli félaga.

b) 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.

Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1) Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum.

2) Skilar fullnægjandi skýrslum.

3) Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi.

4) Stendur fyrir virku félags- og íþróttastarfi.

c) 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.

Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.

d) 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1. desember næstliðins árs. Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.

e) 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

Lottó uppgjör 2024

Félag	Félagar	jan-feb	mars-apr	maí-júní	júl-ág	sept-okt	nóv-des	Samtals	skinfaxi	Skattur	Verðlaun	frádráttur 2024	Útborgað	félagar 16+
Eldborg	70	26107	18608	20885	17108	12805	24890	120,403	0	12600			107,803	70
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	98	36238	25829	28990	23736	17774	34549	167,116	0	15660		12600	138,856	87
Umf. Staðarsveit	50	34132	24328	27306	22352	16741	32541	157,401	0	16380			141,021	91
Golfkl. Staðarsveitar	31	24670	17584	19736	16162	12100	23520	113,772	0	8100			105,672	45
Skotfélag Snæfellsness	191	107925	76925	86339	70638	52934	102894	497,655	0	40680			456,975	226
Víkingur/Reynir	397	208727	148773	166981	136581	102375	198998	962,434	0	120240		74025	768,169	668
UMFG	624	184400	131434	147520	120687	90443	175805	850,288	0	94140		50400	705,748	523
Snæfell	670	253914	180981	203131	166160	124538	242079	1,170,803	0	104400		110250	956,153	580
Golfkl. Jökull	107	62519	44561	50015	40923	30664	59604	288,285	0	16200			272,085	90
Golfkl. Vestarr	118	64013	45626	51210	44507	31396	61029	297,781	0	41760		0	256,021	232
Golfkl. Mostri	119	70281	50094	56225	46006	34471	67005	324,083	0	16920			307,163	94
Hestamannafélagið Snæfellingur	274	149259	106387	119407	97680	73207	142302	688,241	0	36360			651,881	202
Landsmótssjóður		135798	96792	108638	89171	66605	129468			0			626,474	
SAMTALS:	2,749	1357983	967921	1086383	891713	666052	1294684	5,638,262	0	523440	0	247275	4,867,547	2908

Nýjar úthlutunarreglur HSH á lottó

Nýjar úthlutunarreglur HSH fyrir árið 2025 voru kynntar formönnum á formannafundi HSH í lok febrúar.

REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓTEKNA HSH

1. Forsendur skiptinga á milli félaga:

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

2. Skipting lottótekna

- a. 40 % til HSH.
- b. 55 % til aðildarfélaganna.
- c. 5% í styrktar- og íþróttasjóð HSH.

3. Skipting lottótekna skv. lið 2b

- a. 10% jafnt milli sambandsaðila hjá HSH.
- b. 15% skiptast milli aðildarféлага miðað við félagatölu, þá féлага sem eru með lögheimili á sambandssvæði HSH.
- c. 65% eftir iðkendum 6 – 18 ára.
 1. Tölur yfir iðkendur miðast við skil á starfsskýrslu árinu á undan.
- d. 10% eftir mætingu á formannafundi og þing HSH.

4. Forsendur fyrir skiptingu milli félaga

- a. Starfi félag ekki samkvæmt lögum HSH kemur það ekki til greina við úthlutun.
- b. Heldur aðalfund skv. félagslögum. Skilar fullnægjandi skýrslum.
- d. Sendir fulltrúa á þing HSH og formannafundi.
- e. Stendur fyrir virku félags- og íþróttastarfi.

Sé eitthvert þessara skilyrða óuppfyllt, fellur úthlutun niður hjá hlutaðeigandi félagi það árið. Úthlutun sem fellur niður deilist á önnur aðildarfélög samkvæmt 2. gr.



ÁRSREIKNINGUR HSH 2024

Héraðsþing HSH
Grundarfirði 7. apríl 2025

Áritanir

Áritun skoðunarmanna


Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum skoðað ársreikninga HSH fyrir árið og ekkert fundið athugavert. Við leggjum til að ársreikningur verði samþykktur.


Grundarfirði

05.04.2025

Staður

dagsetning






Davíð Sveinsson

Magnús Bæringsson


Áritun stjórnar






Laufey Bjarnadóttir, formaður


Berglind Long varaformaður





Laufey Bjarnadóttir, ritari

Garðar Svansson, gjaldkeri



Kristfríður Rós Stefánsdóttir, meðstjórnandi

Rekstrarreikningur fyrir árið 2024

1. Tekjur	2024	2023
1.1 Rekstrartekjur	11.886.015	14.549.583
1.2 Önnur framlög og styrkir	3.969.169	13.538.141
1.3 Aðrar tekjur	64.834	415.442
Tekjur alls	15.920.018	28.503.166
2. Gjöld		
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	7.629.640	7.133.160
2.3 Kostnaður vegna iþróttastarfs	12.399.637	15.655.526
2.4 Annar rekstrarkostnaður	2.483.659	4.159.370
2.5 Annað		
Gjöld alls	22.512.936	26.948.056
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði	(6.592.918)	1.555.110
2.5 Afskriftir fastafjármuna	0	0
2.8 Fjármunatekjur	1.213.695	1.163.568
2.9 Fjármagnsgjöld	(267.013)	(239.061)
Afskriftir og fjármagnsliðir alls	946.682	924.507
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	(5.646.236)	2.479.617

Kes
MIB

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	2024	2023
3. Eignir		
Fastafjármunir		
3.1 Skrifstofubúnaður	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
3.2 Vörubirgðir	0	0
3.4 Skammtímakröfur	0	0
Handbært fé	0	0
3.5 Reikningur 0326-22-003320	930.683	0
Reikningur 0309-26-5452	339.790	1.084.074
Reikningur 0191-15-370322	12.987.233	19.077.411
Eigni Veltufjármunir samtals	14.257.706	20.161.485
	14.257.706	20.161.485
4. Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
4.1		
4.2		
Eigið fé í ársbyrjun	15.036.395	10.792.129
Hagnaður (tap) ársins	(5.646.236)	2.479.617
Leiðrétting v/2023	0	1.764.649
Lang Eigið fé samtals	9.390.159	15.036.395
4.3		
4.4		
Veðskuldir	0	0
Aðrar langtímaskuldir		0
Skar Langtímaskuldir samtals	0	0
4.5		
4.6		
4.8 Skuld við félagasamtök	4.867.547	4.769.090
Skuld við lánastofnanir	0	0
4.8 Aðrar skammtímaskuldir	0	356.000
	4.867.547	5.125.090
Afborganir af langtímaskuldum	0	0
Skul Skammtímaskuldir samtals	4.867.547	5.125.090
	14.257.706	20.161.485

KRS
MRS

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

Rekstrarhreyfingar:	2024	2023
Hagnaður (tap) ársins *	(5,646,236)	2,479,617
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum *	0	0
Afskriftir *	0	0
Veltufé frá rekstri	(5,646,236)	2,479,617
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir lækkun, (hækkun) *	0	0
Skammtímafröfur lækkun, (hækkun) *		0
Skammtímaskuldir lækkun, (lækkun) *	(257,543)	4,614,065
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(257,543)	4,614,065
Handbært fé frá rekstri	(5,903,779)	7,093,682
Fjárfestingahreyfingar:		
Kaup á fastafjármunum *		
Aðrar fjárfestingahreyfingar *		0
Fjárfestingahreyfingar alls	0	0
Fjármögnunarahreyfingar:		
Tekin ný langtímalán *	0	0
Afborganir af langtímalánum *	0	0
Aðrar fjármögnunarahreyfingar *	0	0
Fjármögnunarahreyfingar alls	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(5,903,779) 0	7,093,682
Handbært fé í ársbyrjun	20,161,485	13,067,803
Handbært fé í árslok	14,257,706	20,161,485

KRS
 QS.
 MRS

Skýringar og sundurliðanir

Sundurliðun tekna 2024

		2024	2023
1.1 Rekstrartekjur			
1.1.1	Lotó ÍSÍ *	4,610,110	4,294,883
1.1.2	Lotó UMFÍ *	5,312,679	7,901,883
1.1.3	Arðgreiðsla íslenskrar getsþá *	878,480	1,463,083
1.1.4	Getraunir *	1,084,746	889,734
	Rekstrartekjur	11,886,015	14,549,583
1.2 Önnur framlög og styrkir			
1.2.1	Styrkur frá Héraðsnefnd *	0	1,500,000
1.2.2	Útbreiðslustyrkir ÍSÍ *	424,577	676,026
1.2.3	Mótteknir styrkir, v/þróttastarfs og fræðslu *	2,032,700	8,885,073
1.2.4	Skattur aðildarfélaga *	770,715	
1.2.5	Styrkur frá Ríki vegna íþróttahéraða *	0	1,977,042
1.2.6	Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum *	741,177	500,000
	Önnur framlög og styrkir	3,969,169	13,538,141
1.3 Aðrar rekstrartekjur			
1.3.1	Seldur íþróttafatnaður *	16,000	147,000
1.3.2	Seldar aðrar vörur *	18,269	12,109
1.3.3	Endurgreitt lottó *	0	227,850
1.3.4	Ósóttir vinningar Lottó *	30,565	28,483
	Aðrar rekstrartekjur	64,834	415,442
#ERROR!			
		2024	2023
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður			
2.1.1	Laun *	6,262,778	5,055,308
2.1.2	Mótframlag í lífeyrissjóð *	445,939	303,404
2.1.3	Tryggingagjald og önnur opinber gjöld *	883,323	1,649,243
2.1.6	Verkalýðsgjöld *	37,600	125,205
	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	7,629,640	7,133,160
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs			
2.3.1	Verðlaun *	171,100	61,586
2.3.2	Ferðakostnaður, gisting og uppihald *	595,229	595,229
2.3.3	Þátttökugjöld og skattur *	277,475	176,528
2.3.4	Lotó til aðildarfélaga *	10,054,732	6,394,072
2.3.5	Unglingalandsmót *	735,612	324,950
2.3.6	Keyptar íþróttavörur og búningar *	0	471,950
2.3.7	Veittir styrkir og viðurkenningar vegna íþróttastarfs *	565,489	390,860
2.3.3	Landsmót UMFÍ 50+ *	0	7,240,351
	Kostnaður vegna íþróttastarfs	12,399,637	15,655,526
2.4 Annar rekstrarkostnaður			
2.4.1	Rekstur skrifstofa *	336,312	575,063
2.4.2	Burðargjöld, heimasíða og internet *	187,612	172,933
2.4.3	Kostnaður vegna funda og námskeiða *	289,223	157,181
2.4.4	Reikningsleg aðstoð *	0	0
2.4.5	Árshing, skýrsla og ritföng *	187,764	389,122

KRS
OS
MIR


2.4.6	Auglýsingar *	59,520	80,600
2.4.7	Breyting á lottó til aðildarfélaga *	0	0
2.4.8	Viðhald áhalda *	12,815	0
2.4.9	Tryggingar *	16,675	15,847
2.4.10	Akstur og risna stjórnar *	439,219	302,392
2.4.11	Styrkir *	133,000	39,200
2.4.12	Sjúkrakostnaður *	0	0
2.4.14	Námskeið *	797,419	0
2.4.15	Tölvukostnaður *	0	188,738
2.4.16	Þjónustugjöld og bankakostnaður *	8,258	15,975
2.4.17	Önnur gjöld *	15,842	11,400
	Annar rekstrarkostnaður	2,483,659	1,948,451

Sundurliðun efnahags

		2024	2023
3.1 Skrifstofubúnaður			
3.1.1	Stofnverð í ársbyrjun *	0	0
3.1.2	Afskrifað áður *	0	0
3.1.3	Afskrifað á árinu *	0	0
3.1.4	Annað *	0	0
	Skrifstofubúnaður	0	0
Veltufjármunir			
3.2 Vörubirgðir			
3.2.1	Búningabirgðir *	0	0
3.2.2	Verðlaunapeningar *	0	0
		0	0
3.4 Viðskiptakröfur			
3.4.1	UMFÍ vegna Lottó í desember *	0	0
3.4.2	Íslenskar getraunir *	0	0
3.4.3	Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur *	0	0
	Viðskiptakröfur	0	0
Handbært fé			
3.5	Landsmótssjóður *	0	0
3.8	Bankainnstæður Arion *	1,270,473	1,084,074
3.9	Bankainnstæður Landsbankinn *	12,987,233	19,077,411
	Handbært fé	14,257,706	20,161,485
4.1 Endurmatsreikningur			
4.1.1	Endurmatsreikningur 1/1 *	0	0
4.1.2	Endurmat ársins *	0	0
	Endurmatsreikningur 31/12	0	0
4.2 Óráðstafað eigið fé			
4.2.1	Óráðstafað eigið fé 1/1 *	10,792,399	8,312,782
4.2.2	Rekstrarafkoma ársins *	-5,646,236	2,479,617
	Óráðstafað eigið fé 31/12	5,146,163	10,792,399
Skuldir			
4.3	Veðskuldir *	0	0
4.4	Aðrar langtímaskuldir *	0	0
4.5	Skuld við aðildarfélög vegna Lottó *	4,867,547	4,769,090
4.6	Skuldir við lánastofnanir *	0	0
4.7	Næsta árs afborganir *	0	0

DM
MIR

4.8	Aðrar skammtimaskuldir (Ógr lífeyrissjóður og tryggingagjald) *.	0	356,000
	Skuldir samtals	<u>4,867,547</u>	<u>5,125,090</u>



KRS
D.
MIR



**ÁRSSKÝRSLUR
AÐILDARFÉLAGA HSH
2024**

ADILDARFÉLÖG HSH

UMF. SNÆFELL
STOFNAÐ 23. OKTÓBER 1938
FORMAÐUR: HJÖRLEIFUR K. HJÖRLEIFSSON

UMF. STAÐARSVEITAR
STOFNAÐ 26. JANÚAR 1912
FORMAÐUR: SIGURÓSK SUNNA MAGNÚSDÓTTIR

UMF. VÍKINGUR ÓLAFSVÍK
STOFNAÐ 7. OKTÓBER 1928
FORMAÐUR: MARGRÉT EVA EINARSDÓTTIR

GOLFKLÚBBUR STAÐARSVEITAR
STOFNAÐ 15. ÁGÚST 1998
FORMAÐUR: HAUKUR ÞÓRÐARSON

UMF. GRUNÐARFJARÐAR
STOFNAÐ 10. JÚLÍ 1933
FORMAÐUR: INGIBJÖRG EYRÚN BERGVINSDÓTTIR

GOLFKLÚBBURINN VESTARR
STOFNAÐ 27. JÚLÍ 1995
FORMAÐUR: GARDAR SVANSSON

UMF. ELDBORG
STOFNAÐ 17. ÁGÚST 1915
FORMAÐUR: ELÍSABET ÝR BJARNADÓTTIR

GOLFKLÚBBURINN MOSTRI
STOFNAÐ 13. NÓVEMBER 1984
FORMAÐUR: MAGNÚS ÞÓR JÓNSSON

UMF. REYNIR HELLISANDI
STOFNAÐ 16. JÚLÍ 1934
FORMAÐUR: KÁRI VIÐARSSON

GOLFKLÚBBURINN JÖKULL
STOFNAÐ 21. JÚLÍ 1973
FORMAÐUR: JÓN BJARKI JÓNATANSSON

ÍPRÓTTAFÉLAG MIKLAHOLTSHREPPS
STOFNAÐ 31. JANÚAR 1937
FORMAÐUR: LAUFHEY BJARNADÓTTIR

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SNÆFELLINGUR
STOFNAÐ 2. DESEMBER 1963
FORMAÐUR: HERBORG S. SIGURDARDÓTTIR

SKOTFÉLAG SNÆFELLSNESS
STOFNAÐ 10. OKTÓBER 1987
FORMAÐUR: ARNAR GEIR DIEGO ÆVARSSON



UMF. Víkingur/Reynir

Aðalfundur fór fram 25. febrúar 2024

- Stjórn félags

- o Tinna Ýr Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri
- o Margrét Eva Einarsdóttir formaður
- o Viktoría Kr Guðbjartsdóttir gjaldkeri
- o Kristjana Pétursdóttir ritari
- o Hjörtur Guðmundsson meðstjórnandi

- Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Við erum með 210 iðkendur í fótbolta frá 8. fl. og upp í 2. fl. og þar þjálfar Brynjar- Aron- Kristfríður og Beca ásamt aðstoðarþjálfurum sem eru strákar sem æfa fótbolta hjá okkur á aldrinum 13-15 ára og gengur það mjög vel og erum við að auglýsa eftir fleiri krökkum í það verkefni.

Í frjálsum æfa 15 börn í tveimur hópum annars vegar 3.-5. bekkur og hins vegar 6.-10. bekkur og þar er þjálfari Ingunn Ýr.

Sund krakkarnir voru 22 að æfa í 2. - 8. bekk og þar þjálfar Helga Guðrún.

Í rafíþróttum er 1 hópur með alls 7 krökkum í 5. - 8. bekk og þar þjálfar Hjörtur.

Í íþróttaskólanum voru svo 29 börn en þar er það Kristfríður og Leó sem þjálfar.

- Starf félagsins/deildarinnar - Viðburðir á liðnu ári + myndir

Starfið okkar gekk vel á liðnu ári og við erum alltaf að gefa í hvað varðar fjölbreytni í okkar starfi. Við bjóðum upp á fótbolta- frjálssar - sund- rafíþróttir og íþróttaskóla auk þess vorum við með dansnámskeið og leikjanámskeið í sumar. Við höldum sundmót fyrir okkar krakka- fótboltamaráðon Snæfellsnessamstarfsins var haldið hér í Ólafsvík og heppnaðist mjög vel.

Í sumar vorum við með dansnámskeið fyrir 6-11 ára börn þar sem Hanna kenndi börnunum að dansa sem var vel sótt og tókst mjög vel.

Haustið 2023 byrjuðum við svo aftur með frjálssar íþróttir sem hafði verið í pásu í 2 ár og það fór mjög vel af stað og gengur mjög vel og fóru nokkrir krakkar frá okkur og kepptu undir merkjum HSH með öðrum krökkum á nesinu.

Sund krakkarnir okkar fóru á mót á Kleppjárnsreykjum og stóðu sig mjög vel. Páskamótið hjá þeim var svo á sínum stað þar sem allir fengu páskaegg eftir flott sundmót.

Fótbolta krakkarnir fóru á mörg mót og kepptu sem Snæfellsnes og gekk þeim mjög vel og stóðu sig allir með þryði og má þar helst nefna N1 mótið á Akureyri, Orkumótið í Vestmannaeyjum, Norðurálmótið á Akranesi, Síamótið í Kópavogi og TM mótið í Vestmannaeyjum og svo vorum við með mörg lið í bæði Faxaflóamótinu og Íslandsmótinu. Það fóru 2 flottir fulltrúar frá okkur á æfingar hjá KSÍ hæfileikamótun og stóðu sig mjög vel en það voru Steinar Henry og Freydís Lilja.

Við höldum opna fótboltaæfingu um vorið þar sem meistaraflokks strákarnir og stelpurnar í 2. fl. komu og spörkuðu á milli með börnunum og þau fengu áritanir og við enduðum svo á að grilla pylsur fyrir krakkana eftir það, mjög gaman.

Tækniþjálfun Gylfa Sig kom til okkar í byrjun október og voru með þriggja daga námskeið og þar voru um 100 börn af öllu nesinu sem tóku þátt.

Rekstur félagsins gengur vel, við erum full af orku og erum búin að efla sjoppuna okkar sem gengur mjög vel. Erum með glæsilegan matarvagn sem við notum á heimaleikjum, mikil stemming að geta verið úti með sjoppuna og er foreldrum barna sem iðka íþróttir hjá okkur úthlutað sjoppuvakt frá apríl-ágúst. Á góðum dögum tókum við fram grillið og grillum og seljum hamborgara.

Við erum bjartsýn fyrir framtíðinni og höldum áfram að efla íþróttastarf hér í Snæfellsbæ og vonandi náum við að halda fjölbreytni í starfinu áfram.

Takk fyrir okkur.





UMF. Snæfell

Á aðalfundi sem haldinn var 18. mars 2024 voru eftirtalin kjörin í aðalstjórn Snæfells:

Hjörleifur K. Hjörleifsson formaður

María Alma Valdimarsdóttir gjaldkeri

Rósa Kristín Indriðadóttir meðstjórnandi

Gísli Pálsson meðstjórnandi

Kári Geir Jensson meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir

Hjördís Pálsdóttir

Árni Björnsson

Fjórar deildir störfuðu á árinu: badmintondeild, frjálsíþróttadeild, knattspyrnudeild og körfuknattleiksdeild. Knattspyrnudeild og körfuknattleiksdeild eru fjárhagslega og rekstrarlega tvískiptar þ.e. í meistaraflokka og yngri flokka.

Starf deilda Snæfells hefur verið kröftugt og metnaðarfullt. Sjálfbóðaliðar félagsins eru að vinna þrekvirki alla daga ársins svo að allt gangi upp. Pláss- og aðstöðuleysi er að trufla starf félagsins ásamt boðum og bönnum sem félagið þarf að láta yfir sig ganga, sem kemur til af því að íþróttamiðstöðin er ekki mönnuð eins og þyrfti að vera. Klefagæsla er í ólestri, öryggi iðkenda er ekki nægilega tryggt sökum þess sem að framan er talið. Lagt var upp með meistaraflokka kvenna og karla í körfubolta í 1. deild, því miður gekk ekki að halda meistaraflokki kvenna nema til áramóta af ýmsum ástæðum. Við það að kvennaliðið var dregið úr keppni fækkaði þjálfurum í yngri flokkum.

Nýtt gólf verður sett í íþróttahúsið sumarið 2025, það mun bæta æfinga og keppnisaðstöðuna mjög mikið, ástand gólfsins eins og það er, er beinlínis hættulegt.

Framtíðarsýn félagsins er eins og áður að bæta og efla starfið, ráða starfsmann til að létta á okkar frábæru sjálfbóðaliðum sem eru að leggja nótt við nýtan dag til að ná settum markmiðum. Mikilvægi meistaraflokka í hvaða grein sem er, er gríðarlega mikilvægt fyrir allt yngri flokka starf. Í meistaraflokkum eru fyrirmyndirnar, þjálfararnir, dómarnir. Vonandi verður grundvöllur fyrir því að halda úti meistaraflokkum bæði karla og kvenna í körfubolta.

Að lokum vill Aðalstjórn Snæfells þakka öllum þeim sem styrkja félagið á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá allir þeir sem eru tilbúnir að vinna mikið og fórnfúst sjálfbóðaliða starf til að félagið geti vaxið og dafnað.

Hjörleifur K. Hjörleifsson

Badmintondeild 2024

Badmintonstarfið hefur gengið vel og hefur það vaxið undanfarin ár. Æfingar eru í boði fyrir 3.-7. bekk og eru að jafnaði 8-10 iðkendur að mæta á hverja æfingu. Rebekka Rán og Petrea Mjöll hafa þjálfað badminton í vetur og hafa skipt æfingum á milli sín. Einnig hefur verið í boði æfing einu sinni í viku fyrir fullorðna. Við erum með frábæra aðstöðu til að stunda badminton og hvetjum við krakka í 3.-7. bekk sem og fullorðna til þess að kíkja á æfingar og spila badminton í góðum félagsskap.

Frjálsíþróttadeild 2024

Starf frjálsíþróttadeildarinnar er öflugt og fjölgað hefur í iðkendahópi frá því ári áður. Nýr búnaður var keyptur fyrir frjálsíþróttadeildina á árinu en nú á deildin nýja hástökkisdýnu, hástökksbúnað, skutlur, kúlur og grindur. Búnaðurinn hefur komið sér mjög vel og ýtt undir gæði æfinga.

Í hverri viku eru fjórar frjálsíþróttæfingar en hver hópur æfir einu sinni í viku. Æfingahóparnir eru fjórir talsins: 2. bekkur, 3. - 4. bekkur, 5. - 7. bekkur og 8. - 10. bekkur. Auk þess eru frjálsíþróttir hluti af íþróttaskóla Snæfells sem er fyrir nemendur í 1. bekk, en sá hópur fær sex frjálsíþróttæfingar fjórum sinnum yfir önnina. Skráðir iðkendur eru 66 ásamt 21 iðkanda í íþróttaskólanum.

Björg Gunnarsdóttir er með yfirumsjón og þjálfa alla hópa. Snjólfur Björnsson er aðstoðarþjálfari í öllum hópum en Petrea Mjöll Elvarsdóttir bættist í hópinn sem aðstoðarþjálfari á haustönn. Sveinbjörg Zophoníasdóttir var aðstoðarþjálfari á vorönn.

Í sumar bauð frjálsíþróttadeildin upp á æfingar fyrir iðkendur í 5. - 10. bekk. Æfingarnar voru sóttar af litlum hóp iðkenda. Æfingarnar skiluðu sér í góðri þátttöku í frjálsíþróttum á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi. Í upphafi vetrar var mótaskrá FRÍ kynnt fyrir foreldrum og forráðamönnum. Góður hópur frá deildinni fór Silfurleika ÍR í Laugardalshöll í nóvember.

Auglýst var eftir sjálfboðaliðum í stjórn frjálsíþróttadeildarinnar á árinu. Berglind Lilja Þorbergsdóttir kom inn í stjórn deildarinnar. Frjálsíþróttadeildin tók þátt í einni fjáröflun á árinu en iðkendur seldu Álfinn til styrktar SÁÁ.

Björg Gunnarsdóttir

Myndir úr frjálsíþróttastarfi Snæfells



Knattspyrnudeild, yngri flokkar 2024

Stjórn knattspyrnudeildar: Agnes Helga Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sigríður Bjarney Guðnadóttir meðstjórnandi. Þorsteinn Már Ragnarsson varamaður.

Iðkendur voru tæplega 30 börn. Það eru virkir fjórir flokkar í þjálfun hjá deildinni. 7. fl. þar sem eru börn úr öðrum bekk, 6. fl. þar sem eru börn úr þriðja og fjórða bekk, 5. fl. þar sem eru börn úr fimmta og sjötta bekk og svo 4. fl. þar sem eru börn úr sjöunda og áttunda bekk. Eldri iðkendur hættu í fyrra þegar UMF Víkingur ætlaði að segja sig úr Snæfellsnessamstarfi en samstarfið er forsenda fyrir því að hægt sé að keppa vegna smæðar.

Þjálfarar hafa verið tveir síðustu tímabil, Árni Þór Björnsson og Boris Spasojevic en Árni hættir hjá okkur eftir skólaárið þar sem hann er að flytja suður.

Nú í febrúar 2025 byrjar nýr þjálfari, hann Andri Freyr Hafsteinsson. Andri er með mikla reynslu og er hann með UEFA A réttindi sem eru mestu knattspyrnuréttindi sem hægt er að afla sér á Íslandi sem og hann er ÍAK styrktar þjálfari. Hann mun vera í þjálfun með Árna og Boris nú í vor meðan hann lærir inn á iðkendur og aðstöðu en kemur svo til með að taka við í yfirþjálfun í sumar. Við bindum miklar vonir við að Andri nái að efla deildina með okkur á komandi tímabilum.

Við ætlum að prufa að bjóða upp á stelpubolta fyrir stelpur úr öðrum til fjórða bekk einu sinni í viku, en það er aðeins hægt að bjóða upp á hann einu sinni í viku þar sem ekki verða til árekstrar. Við vonumst til þess að það verði vel sótt og að við fáum stelpurnar inn í starfið en þær hafa verið í miklum minnihluta síðustu ár. Vonandi verður hægt að bjóða upp á fleiri æfingar í sumar sem og fyrir eldri stelpur og stálp.

Mótahald er að öllu leyti undir Snæfellsnessamstarfi en samstarfið býður upp á samæfingar sem dreifast milli íþróttafélaga hér á norðanverðu Snæfellsnesi.

Rekstur félags gengur ágætlega, knattspyrnudeildin greiðir 450.000 krónur árlega í Snæfellsnessamstarfið sem fer upp í þjálfarakostnað á mótum. Deildin hefur farið í fjáraflanir til þess að dekkja þann kostnað, þá má helst nefna fjáröflun á SÁÁ álfinum og nú í vor fjáröflun á vörum frá Norðanfiski.

Framtíðarsýn er góð, við horfum fram á við og vonum að með tíð og tíma eflist deildin. Til þess að það sé hægt þarf öflugt fólk, því miður hefur verið erfitt að fá foreldra og forsjáraðila til þess að taka þátt en við erum bjartsýn á að það komi nú á næsta tímabili.

Körfuknattleiksdeild, meistaraflokkar 2024

Janúar - apríl

Karla lið

Karla liðið hélt áfram að berjast og reyna það sem þeir gátu til að sækja sigra. Deildin var sterk og enduðu strákarnir í 11. sæti og unnu 1 leik og töpuðu 10 eftir áramót. Liðið var í fallbaráttu við Hrunamenn og var það svo í næst síðasta heimaleiknum sem við mættum Hrunamönnum í hreinum úrslitaleik um hvort liðið myndi falla. Það fór svo að við unnum gríðarlega sterkan sigur og enduðum á að halda liðinu í 1. deild. Aðal markmið tímabilsins var að halda sér í deildinni á fyrsta ári eftir að hafa komið upp úr 2. deild og náðist það. Tímabilið var mikill lærdómur og ljóst að liðið vildi gera betur á næsta tímabili. Ameríski leikmaður liðsins Jaeden King endaði á að vera stigahæsti (36.9) og framlagshæsti (33) leikmaður deildarinnar.

Kvenna lið

Kvenna liðið hélt áfram að stríða flestum liðum í deildinni og enduðu í 9. sæti, unnu 2 leiki og töpuðu 8 leikjum í deildinni eftir áramót. Stelpurnar tóku þátt í nýju úrslitakeppnis fyrirkomulagi með 1. deild kvenna þar sem næst neðsta lið efstu deildar fór í fjöggra liða úrslitakeppni með 1. deildinni. Snæfell mætti þar sterku liði Tindastóls og fór einvígið 3-1 fyrir Tindastól. Flott stemming var í stúkunni í úrslitakeppninni og var frábært að sjá hversu vel var mætt og látið í sér heyra. Atkvæðamest í liði Snæfells var hin Ameríska Shawnta Shaw með 19 framlags punkta að meðaltali. Tímabilið var áskorun fyrir ungt lið Snæfells og mikill lærdómur að baki.

Lokahóf:

Lokahóf meistaraflokkana fyrir tímabilið 2023-2024 var haldið í Skipavík 8. maí og tímabilið gert upp. Venju samkvæmt voru ýmis verðlaun veitt og voru þau eftirfarandi:

Mikilvægasti leikmaður ársins mfl. kk 2023-2024: Jaeden King

Varnarmaður ársins mfl. kk. 2023-2024: Snjólfur Björnsson

Ungi leikmaður ársins mfl. kk 2023-2024: Sturla Böðvarsson

Mestar framfarir mfl. kk. 2023-2024: Magni Blær Hafþórsson

Mikilvægasti leikmaður ársins mfl. kvk 2023-2024: Shawnta Shaw

Varnarmaður ársins mfl. kvk. 2023-2024: Jasmina Jones

Mestar framfarir mfl. kvk. 2023-2024: Katrín Mjöll Magnúsdóttir

Ungi leikmaður ársins mfl. kvk 2023-2024: Alfa Frost

Félagsmaður ársins: Dagný Inga Magnúsdóttir

Stjórn

Breytingar urðu á stjórn og formanni deildarinnar. Þær Björg Einarisdóttir og Ólöf Stefánsdóttir stigu til hliðar og inn komu Gunnar Björn Haraldsson og Viktoría Líf Valdimars Ingibergsdóttir í stjórn. Hjördís Pálsdóttir hætti sem formaður eftir frábært starf fyrir félagið og var stjórnin formanslaus um nokkurt skeið, Daníel Ali Kazmi tók svo við sem formaður. Stjórnin er í dag skipuð þeim:

Daníel Ali Kazmi – Formaður

Árni Ásgeirsson - Gjaldkeri

Hermann Hermannsson - Vara formaður/ritari

Birta Antonsdóttir - Tengiliður yngri fl. stjórnar

Gunnar Björn Haraldsson – Meðstjórnandi

Viktoría Líf Valdimars Ingibergsdóttir– Meðstjórnandi

Núverandi stjórn vill þakka Hjördísi Pálsdóttur sérstaklega fyrir frábært starf í þágu félagsins. Einnig vill stjórn koma á framfæri þakklæti til Bjargar, Ólafar og allra þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem aðstoða félagið við heimaleiki, fjáraflanir og margt fleira.

Ágúst - desember

KK

Gunnlaugur Smárason hélt áfram sem aðal þjálfari karlaliðsins, Guðni Sumarliðason bættist í hópinn sem aðstoðarþjálfari og þá færði Baldur Þorleifsson sig um set og bættist einnig við þjálfara teymið sem aðstoðarþjálfari. Karla liðið því komið með sterkt og gott þjálfarateymi fyrir veturinn. Samið var við þrjá erlenda leikmenn fyrir leiktímabilið, Spánverjana Juan Navarro og Alejandro Rubiera og Khalyl Waters frá USA og bætti liðið við sig nokkrum íslenskum leikmönnum sem eiga sterkar tengingar við Hólminn. Liðið hóf æfingar í ágúst og var góður kraftur í liðinu. Hópurinn var vel blandaður af ungum og reynslumeiri leikmönnum og var hugur í hópnum fyrir átökin í 1. deild. Tímabilið byrjaði með sigri á feiki sterku liði Fjölnis í fyrsta leik. Deildin var sterk og jöfn og vorum við í hörku baráttu um sigurinn í flestum leikjum. Fyrir áramót er liðið með 3 sigra í deildinni og 8 töp. Liðið tók miklum framförum og var góður stígandi í liðinu.

KVK

Kvenna liðið hóf tímabilið í 1. deild eftir að hafa fallið úr Subway deildinni. Ráðinn var inn spænskur þjálfari, Alejandro Rubiera sem spilar einnig með karlaliði Snæfells. Aðstoðar þjálfari liðsins var Óttar Sigurðsson. Samið var við tvo erlenda leikmenn þær Carlottu Ellenrieder frá Þýskalandi og Danie Shafer frá USA til þess að styrkja ungan og efnilegan kjarna liðsins. Tímabilið hófst af miklum krafti og vann liðið fyrstu tvo leiki sína. Eftir sjö leiki þurfti svo að draga liðið úr keppni eftir að ýmis vandamál höfðu komið upp sem leiddu til þess að ekki náðist í leikmannahóp. Strax var ráðist í hugmyndavinnu hvernig hægt væri að koma

kvenna liði aftur af stað í Hólminum. Framtíðin er björt og óskandi að hér verði kvenna lið aftur sem allra fyrst.

Snjólfur Björnsson sér um styrktar þjálfun fyrir liðin og gerður var samningur við Átak líkamsrækt fyrir leikmenn liðanna.

Fjárafilanir og fleira

Meistaraflokkar tóku þátt í fjáröflun fyrir þorablótið í febrúar, verkefnið var að sjá um að bera nýja stóla og ný borð inn í íþróttahúsið og raða því upp, setja upp sviðið og svo frágangur á eftir. Það er nýjung að sveitarfélagið eigi borðin og stólana og hefur Snæfell leyfi til þess að leigja búnaðinn út. Einnig var fjáröflun að sjá um kaffiveitingar á Júlíönu hátíð, í safnaðarheimilinu.

Í júní var planið hjá íþróttahúsinu málað. Í ágúst var planið hjá Bónus málað og í sama mánuði tóku meistaraflokkar þátt í fjáröflun á Dönskum dögum, sem var að sjá um barinn og þrif á balli með Stuðlabandinu, var þetta gert í samstarfi við FAS, yngri flokka stjórn og Hesteigandafélagið.

Lagt var upp með að gera alla umgjörð á nýju tímabili flottari, markmiðið er að félagið sé sameiningar tákn Hólmarar og að leikirnir séu þeir viðburðir yfir vetrar tímamann þar sem Hólmarar koma saman, hvetja félagið og spjalla yfir kaffibolla. Félagið var svo lánsamt að fá feðgana Þorberg og Pál eigendur P.B. Borg í lið með sér og hafa þeir keypt inn alla hamborgara í vetur svo stuðningsmenn geti fengið grillaða ÞB borgara.

Árskort voru með aðeins breyttu sniði þar sem hægt var að kaupa mismunandi kort. Demants, Gull, Silfur og Út um allan heim kort. Árskortshafar fá frítt kaffi og bakkelsi. Nesbrauðs fjölskyldan hefur reynst okkur vel og hafa þau styrkt okkur um bakkelsi sem stuðningsmenn fá yfir leikjum.

Snæfells happdrættið var góð fjáröflun en hún var unnin með stjórn yngri fl. Snæfells í körfubolta. Einnig tóku liðin þátt í dósa- og flösku söfnun/talningu, eins og undanfarin ár sem og sölu á klósettpappír og eldhúsrúllum.

Bæring Núi Dagsson hefur séð um að taka frábærar ljósmyndir á öllum heimaleikjum og erum við mjög þakklát fyrir hans framlag.

Páll Aðalsteinsson og Anna Reynisdóttir eru áfram með umsjón yfir sumarhúsum í Arnarborgum. María Alma Valdimarsdóttir og Helga Guðmundsdóttir sjá um klósettpappírssölu, kunnum við þeim öllum bestu þakkir fyrir. Heimaleikjaráð er einnig vel mannað og kunnum við öllum bestu þakkir fyrir hjálpina á leikjum, en Dagný Hermannsdóttir hefur farið fyrir heimaleikjaráði í vetur.

Jafnframt erum við gríðarlega þakklát öllu þeim fyrirtækjum sem styrkja okkur, stuðningsmönnum okkar og öllum þeim sem aðstoða okkur á einn eða annan hátt.

Fyrir hönd stjórnar meistaraflokka kkd. Snæfells

Daníel Ali Kazmi, formaður.







Körfuknattleiksdeild, yngri flokkar 2024

Stjórn deildar

- Birta Antonsdóttir formaður
- Sara Hjörleifsdóttir gjaldkeri
- Dagný Ósk Hermansdóttir meðstjórnandi
- Anna Ingibjörg Hallgrímsdóttir meðstjórnandi
- Guðrún Tinna Ólafsdóttir meðstjórnandi
- Arna Sædal Andrésdóttir meðstjórnandi

Þjálfarar

Þjálfarar okkar tímabilið 2024-2025 er getið hér fyrir neðan. Félagið er heppið með þann fjölda góðra þjálfara sem hafa verið hjá okkur undanfarin ár. Undir þeirra stjórn heldur félagið áfram að vaxa og dafna, enda eru þeir hornsteinn alls okkar yngri flokka starfs. Einhverjir þjálfarar þurftu frá að hverfa á þessu tímabili, aðallega vegna barneigna en vonandi sjáum við flesta þeirra aftur innan okkar raða á næstu árum.

Aftur var farið yfir í íþróttaskóla fyrirkomulagið með 1. bekk þar sem það hefur áður gefist vel. Þetta var gert í öflugu samstarfi við frjálsarnar, fimleikana, badminton og fótboltann. Rebekka og Björg hafa haft yfirumsjón með þessu.

Þjálfarar tímabilið 2024-2025

1. bekkur Rebekka Rán Karlsdóttir (íþróttaskóli)
2. bekkur Rósa Kristín Indriðadóttir
- 3.- 4. bekkur stelpur Árni Ásgeirsson
- 3.-4. bekkur strákar Gísli Pálsson
- 5.-6. bekkur stelpur Ingigerður Sól Hjartardóttir og Eyþór Lár Bárðarson
- 5.- 6. bekkur strákar Juan Luis Navarro
7. bekkur stelpur Helga Hjördís Björgvinsdóttir
- 7.-8. bekkur strákar Juan Luis Navarro
- 8.-9. bekkur stelpur Khalyl Waters
- 9.-10. bekkur strákar Gísli Pálsson
11. flokkur Gunnlaugur Smáráson og Juan Luis Navarro

Engin yfirþjálfari var til staðar þetta tímabil sem er miður. En vonandi verður bætt úr því fljótlega.

Foreldrahandbók

Í fyrra sumar vann yfirþjálfarinn okkar hún Gunnhildur að foreldrahandbók og var hún tekin í gagnið síðasta haust. Þessari bók er ætlað að auðvelda foreldrum að koma inn í starfið hjá okkur. Ákveðið var að þýða þessa bók yfir á ensku og er sá draumur orðin að veruleika og enska útgáfa handbókarinnar klár. Næsta skref er að þýða þjálfarahandbókina yfir á ensku.

Mótahald

Tímabilið 2023-2024

10. flokkur drengja endaði í 1. sæti í 3. deild

11. flokkur í samstarfi við Skallagrím endaði í 5. sæti í 1. deild

12. flokkur kvenna í samstarfi við Skallagrím dróg liðið úr keppni á lokasprettinum

10. flokkur kvenna endaði í 5. sæti í 2. deild

Við sendum til leiks lið í 8. flokki drengja, 8. flokki stúlkna, MB 11 ára bæði hjá stelpum og stráku og MB 10 ára stelpur, eins tók yngsti hópurinn okkar þátt í mörgum mótum á vegum félaganna.

Æfingar

Í sumar voru æfingar í boði þjálfara Snæfells sem þau skiptu á milli sín, þær æfingar gengu bara vel og voru nokkuð vel sóttar.

Áframhald var á styrktar þjálfuninni hjá Snjólfvi og Björgu og hefur það gefist mjög vel, þó það væri ánægjulegt að sjá fleiri krakka nýta sér æfingarnar. Æfingarnar eru opnar öllum deildum.

Fjáraflanir

Barna og unglingaráð hefur staðið fyrir þó nokkuð mörgum fjáröflunum. Okkar stærsta fjáröflun er happdrættið og gekk það mjög vel og tóku foreldrar virkan þátt í því og ber þeim að hrósa sértaklega fyrir það að taka alltaf vel undir þegar leitast er eftir því. Fyrirtæki í bænum sem og önnur fyrirtæki voru dugleg að styðja við bakið á okkur og gekk þetta allt vonum framar.

Einnig höfum við selt ýmsan varning og verið dugleg að sækja styrki, Sara Hjörleifsdóttir hefur verið þar fremst í flokki og hefur gengið vel að fá úr hinum ýmsu sjóðum.

Birta Antonsdóttir

UMF. Grundarfjarðar

Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir, formaður

Sólveig Ásta Bergvinsdóttir, gjaldkeri

Gyða Rós Freysdóttir, ritari

Guðbrandur Gunnar Garðarsson, meðstjórnandi

Tryggvi Hafsteinsson, meðstjórnandi

Aðalfundur félagsins var haldinn í samkomuhúsi Grundarfjarðar fimmtudaginn 27. febrúar 2025. Vel var mætt á fundinn og var skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt. Þá fór fram kynning og kosning um aðstöðuhús skíðadeildar UMFG sem var samþykkt samhljóða, stjórn UMFG sat hjá í þeim kosningum. Þá voru ársreikningar lagðir fram til samþykktar og samþykktir samhljóða. Stjórnarmeðlimir gáfu allir kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var það samþykkt.

Iðkendur félagsins á vorönn 2025:

Badminton

10 iðkendur eru skráðir í badminton fyrir börn í 4. bekk og eldri. Þjálfari er Guðbrandur Gunnar Garðarsson og er æfing einu sinni í viku.

Blak

38 iðkendur eru skráðir í barnastarfið í blakinu á aldrinum 10 – 16 ára. Þjálfari er Mladen Svitlica. 5.-6. bekkur eru tvisvar sinnum í viku í klukkutíma í senn en 7. bekkur og upp úr eru í eina og hálf klukkustund tvisvar sinnum í viku. Elstu iðkendur æfa einnig tvisvar í viku með meistaraflokki.

Í meistaraflokki kvenna í blaki eru 20 iðkendur og eru þær með tvær æfingar í viku.

Alexandra Björg Andradóttir var valin í U17 landsliðið í blaki eftir langar og strangar æfingahelgar, hún fór út með landsliðinu á Norðurlandamót í Danmörku og unnu þær brons á því móti. Alexandra keppir einnig með meistaraflokki bæði í 1. deild og 6. deild í blaki.

Fimleikar

19 iðkendur eru skráðir í fimleika í tveimur hópum, 1.-4. bekkur og 5. bekkur og eldri, æft er 1 sinni í viku í klukkutíma í senn. Þjálfari er Eva Kristín Kristjánsdóttir.

Knattspyrna

65 iðkendur eru skráðir í knattspyrnu hjá félaginu.

Í stúbbabolta sem er fyrir krakka á aldrinum 4-5 ára eru 9 iðkendur, ein æfing er á viku í 45 mínútur í senn. Þjálfari er Páll Hilmar Guðmundsson og aðstoðarþjálfari Brynjar Þór Ásgeirsson.

Í knattspyrnu 1.-3. bekk eru 13 iðkendur, æft er þrisvar sinnum í viku í klukkustund í senn. Þjálfarar eru Kristín Halla Haraldsdóttir, Gunnar Andri Pétursson, Páll Hilmar Guðmundsson og aðstoðarþjálfari er Brynjar Þór Ásgeirsson.

Í knattspyrnu 4.-6. bekk eru 19 iðkendur, æft er þrisvar sinnum í viku í klukkustund í senn. Þjálfarar eru Gunnar Andri Pétursson og Pálmi Jóhannsson.

Í knattspyrnu 7. bekkur og eldri eru 12 iðkendur, æft er þrisvar sinnum í viku í klukkustund í senn. Þjálfarar eru Gunnar Andri Pétursson og Páll Hilmar Guðmundsson.

Stelpubolti er í boði fyrir 3. bekk og eldri og eru þar 12 iðkendur, æft er tvisvar sinnum í viku í klukkustund í senn. Þjálfari er Páll Hilmar Guðmundsson.

Frjálsar

Í frjálsum eru 29 iðkendur í tveimur hópum. Yngri hópur eru 5 ára til 8 ára krakkar og þau eru 23 talsins. Í eldri hóp sem er 4. bekkur og eldri eru 6 iðkendur. Æft er tvisvar sinnum í viku í klukkustund í senn. Þjálfari er Kristín Halla Haraldsdóttir.

Íþróttaskóli

Í íþróttaskólanum eru 33 iðkendur í tveimur hópum. Í yngri hóp eru börn á aldrinum 1-3 ára og í eldri hóp eru börn á aldrinum 4-5 ára. Ein æfing er í viku í þrjátíu mínútur í senn. Þjálfari er Helga Sjöfn Ólafsdóttir.

Rafíþróttir

Í rafíþróttum eru 6 iðkendur í 3. - 5. bekk. Tvær æfingar eru í viku í klukkustund í senn. Þetta er í fyrsta sinn frá stofnun rafíþróttadeildar þar sem ekki er aðsókn í eldri hóp. Þjálfari er Einir Hugi Guðbrandsson.

Yfirferð á starfsemi félagsins

Hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni félagsins frá aðalfundi félagsins í maí 2024.

Maí

Aðalfundur félagsins var haldin í Samkomuhúsi Grundarfjarðar fimmtudaginn 2. maí. Nokkrir mættu á fundinn og sköpuðust góðar umræður um starfið. Breytingar voru í stjórn félagsins þar sem Sirrý Arnardóttir sagði sig úr stjórn og tók Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir við sem formaður og Sólveig Ásta Bergvinsdóttir kom ný inn í stjórn og varð gjaldkeri. Við þökkum Sirrý kærlega fyrir góð störf í þágu UMFG. Stór hópur barna tók þátt í seinni hluta Íslandsmótsins í blaki sem haldin var á Neskaupsstað, en UMFG fór með 5 lið á mótið og stóðu krakkarnir sig mjög vel. Síðustu æfingar í öllu nema fótbolta á vorönn voru 20. maí og var frí í tvær vikur.

Haldinn var vinnudagur um hvítasunnuhelgina á Íþróttavelli Grundarfjarðar þar sem tekið var til hendinni. Foreldrar og börn sem tóku þátt í deginum gátu fengið niðurgreiðslu á UMFG peysum hjá Jako.

Félagið bauð upp á heimsókn frá Íþróttarálfinu og var það hluti af dagskrá sjómannaþingsins.

Félagið keyptu fjögur fótbolta á fótboltaálfinu, þar sem þau eldri voru ónýt.

Júní

Sumartafla UMFG tók gildi 6. júní, boðið var upp á fótbolta og sáu Gunnar Andri, Pálmi, Gestheiður og Almar um þjálfun. Ekki var hægt að bjóða upp á sundæfingar þar sem sundlaugin var lokað í júní á þeim tíma sem æfingar stóðu yfir hjá félaginu. UMFG hélt uppskeruhátíð félagsins 17. júní líkt og hefur verið sl. ár, dagurinn hófst á árlegu Grundar- og Kvernárhlaupi þar sem Gunnar Andri og Pálmi fótboltaþjálfarar sáu um upphitunina. Kjörbúðin styrkti félagið um ávexti fyrir hlaupara, góð þátttaka var og komu margir til að hvetja hlauparana í mark. Þátttakendum, bæjarbúum og gestum og gangandi var boðið í grillveislu félagsins. Þátttakendur í hlaupunum fengu verðlaunapening og félagið gaf iðkendum sínum sundgleraugu að gjöf. Þónokkuð margir iðkendur UMFG fóru með Snæfellsnessamstarfinu á TM mótið í Vestmannaeyjum og Norðurálfmótið á Akranesi og stóðu sig vel.

Júlí

Engar æfingar voru í gangi hjá félaginu í júlí. Iðkendur UMFG tóku þátt í hinum ýmsu fótboltaátökum á vegum Snæfellsnessamstarfsins m.a. Orkumótinu í Vestmannaeyjum, N1 á Akureyri, Reykup í Reykjavík og Síamótið í Kópavogi. Allir flokkar stóðu sig vel og voru félögum sínum til sóma.

Ágúst

Æfingar hófust á ný strax eftir verslunarmannahelgi og stóðu til 16. ágúst. UMFG átti nokkra þátttakendur á Unglingalandsmóti í Borgarnesi, en þeir stóðu sig með stakri þryði og voru þónokkrir sem komust á verðlaunapall.

September

Vetrartaflan var birt og æfingar skv. henni hófust mánudaginn 4. september. Líkt og undanfarin ár þá eru fyrstu tvær vikurnar eftir að tafla félagsins er birt prufu vikur og því gjaldfrjálsar. Félagið býður upp á sex íþróttagreinar skólaárið 2024-2025 auk íþróttaskólans. Á skólaárinu er því í boði að æfa badminton, blak, fótbolta, fimleikar, frjálsar og rafíþróttir auk íþróttaskólans. Þjálfarar félagsins á skólaárinu eru Kristín Halla, Gunnar Andri, Pálmi, Páll Hilmar, Mladen, Guðbrandur Gunnar, Helga Sjöfn, Eva Kristín. Amanda Kolbrún, Alexandra Björg og Brynjar Þór voru aðstoðarþjálfarar í fimleikum og stubbabolta.

Október

Blakdeild UMFG fór með 33 iðkendur á Íslandsmót U14 og U16 og Haustmót U12 hjá HK dagana 25.-27. október. Hópnum fylgdu Eva Kristín, Silja, Rúna, Pálmi og Sunna. Allir krakkarnir stóðu sig mjög vel og enduðu U14 stelpur í fyrsta sæti eftir fyrri umferð mótsins, U16 í 4. sæti og U14 strákar í 3. sæti. U12 stelpur sigruðu alla sína leiki og lönduðu fyrsta

sætinu. U12 strákar kepptu til úrslita en töpuðu leiknum og enduðu í 2. sæti. U12 blandað lið lenti í 6. sæti. Seinni hluti Íslandsmótsins verður haldinn á Ísafirði í maí 2025, en þá munu úrslitin ráðast.

Margir fótbolta iðkendur tóku þátt í Tækniþjálfun Gylfa Sig í Ólafsvík dagana 1.-3. október.

Nóvember

Í byrjun nóvember voru iðkendur í blakdeild UMFG með dósasöfnun og gekk sú söfnun mjög vel. Einnig var blakdeildin með blakmaráðun þann 17. nóvember og gengu iðkendur í hús og söfnuðu áheitum til styrktar mótum ársins og gekk sú söfnun vel. Krakkarnir spiluðu svo blak í heilan dag ýmist við fjölskyldumeðlimi og eldri blak iðkendur. Þessi dagur var mjög skemmtilegur í alla staði.

UMFG hélt foreldrafund þann 12. nóvember þar sem þjálfarar sögðu frá því sem þeir eru að vinna með á æfingum. Foreldrar 21 barns mættu á fundinn og sköpuðust góðar umræður á fundinum.

19. nóvember tókum við nýja heimasíðu í gagnið, en síðan var gjöf frá Huguínu Elísdóttur í tilefni af 90 ára afmæli félagsins. Stjórn félagsins tók svo við síðunni og uppfærði hana og gerði að þeirri sem hún er í dag. 21. nóvember kynntum við einnig nýja vörulínu hjá JAKO þar sem fólk getur núna verslað fatnað og annan varning merktan félaginu.

Desember

2. desember stóð HSH fyrir Abler netnámskeiði fyrir þjálfara og stjórnarmeðlimi, námskeiðið var vel sótt.

Blakdeildin fór með tvö lið í U14 flokki á Bikarmót Aftureldingar í Varmá í Mosfellsbæ dagana 6.-8. desember ásamt því að Alexandra Björg keppti með Vestra í U20 flokki. Strákarnir lönduðu fyrsta sætinu eftir æsispennandi úrslitaleik og stelpurnar stóðu sig einnig mjög vel. Eva Kristín, Gréta, Steini og Halla Karen fylgdu hópnum á mótinu. Hópurinn gisti saman í Kvíslarskóla.

Síðustu æfingar fyrir jólafrí voru fimmtudaginn 19. desember. Þjálfarar voru með allskonar uppbot á æfingum í síðustu vikunni fyrir jóla. Fótboltaþjálfarar héldu eina jólaæfingu þann 30. desember sem var vel mætt á.

28. desember hélt blakdeild UMFG skemmtimót í blaki og var þátttaka góð í mótinu. Spilaðar voru 4 umferðir.

Á gamlársdag fór fram krýning á íþróttamanni ársins og sjálfboðaliðum í félags- og tómsfundastörfum. Alexandra Björg Andradóttir var valin íþróttamaður Grundarfjarðar, fyrir frábæran árangur í blaki á árinu og Sírý Arnardóttir fékk viðurkenningu fyrir sjálfboðaliðastarf fyrir hönd félagsins, þar sem hún lét af störfum í Stjórn UMFG eftir 8 ára setu sem formaður UMFG.

Janúar

Janúarmót HSH í frjálsum var haldið sunnudaginn 26. janúar, nokkrir iðkendur frá UMFG kepptu á mótinu og stóðu sig vel.

Æfingar hófust eftir jólafrí mánudaginn 6. janúar. Fyrstu tvær vikurnar voru gjaldfrjálsar eins og árið á undan þar sem iðkendum gafst tækifæri til að prófa hinar ýmsu íþróttir sem félagið býður upp á.

Landsliðskonurnar Aldís Guðlaugsdóttir og Sædís Rún Heiðarsdóttir héldu samæfingu fyrir stelpurnar á Snæfellsnesi í Ólafsvík 10. janúar. Góð mæting var á æfinguna.

Tveir þjálfarar sóttu Þjálfaranámskeið hjá KSÍ í janúarmánuði, félagið greiðir slík námskeið fyrir sína þjálfara.

Febrúar

Þrír iðkendur frá UMFG fóru á bikarmót U16 á Akureyri í blaki dagana 1.-2. febrúar. Til stóð að fara með lið á mótið en þar sem veðurspá var slæm hættu nokkrar við að fara. Svo úr varð að þrjár stelpur frá UMFG fóru og spiluðu með Völsungi á mótinu. Það voru þær Amanda Kolbrún, Alexandra Björg og Krista Rún. Liðið gerði sér lítið fyrir og komust í úrslit og munu þær spila til úrslita í Digranesi þann 8. mars nk.

Fótboltastrákar frá UMFG gengu í hús og söfnuðu dósam til styrktar fótboltamótum sumarsins. Söfnunin gekk vel.

13. febrúar bauð HSH þjálfurum og stjórnarmeðlimum á fyrirlesturinn Sjálfsagi 360° íþróttamaður með Margréti Láru Viðarsdóttur fyrrum landsliðskonu í fótbolta og eiginmanni hennar Einari Erni Guðmundssyni sjúkrapjálfa.

Framtíðarsýn félagsins

Blak og knattspyrna hjá félaginu hefur verið í mikilli uppsiglingu og stefnum við hátt. Iðkendum hefur verið að fjölga til muna og íþróttamannvirki bæjarins eru sprungin. Stjórnarmeðlimir félagsins sitja nú í íþróttamannvirkjanefnd með fulltrúum bæjarstjórnar, íþrótt- og tólmstundarfulltrúa og bæjarstjóra þar sem verið er að skoða þörf og útfærslu á stærra íþróttamannvirki. Félagið telur þörf á þrefalt stærra húsi til þess að sinna þörfum félagsins. Félagið hefur fengið fyrirspurnir um að halda blakmót fyrir börn en eins og aðstaðan er núna er það ekki gerlegt. Það er því draumur okkar að geta byggt hús sem sinnir bæði þörfum félagsins og bíður uppá möguleika á mótahaldi í öllum greinum.

Lokaorð

Þó samfélagið sé ekki stórt þá erum við stórhuga og hugsum RISASTÓRT.

UMF. Eldborg

Aðalfundur félagsins var 13.03.25 kl. 20:00.

Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Stjórn UMF Eldborgar

- Formaður: Elísabet Ýr Bjarnadóttir
- Gjaldkeri: Ástdís Rakel Hlynsdóttir
- Ritari: Valgerður Álfheiður Sigurðardóttir
- Varamaður: Jóhannes Jónasson
- Varamaður: Jóna María Gísladóttir

Störf Ungmennafélagsins Eldborgar 2024

Eins og fyrri ár þá einkenndist starfsemi Ungmennafélagsins Eldborgar af viðburðum og skemmtunum í þágu samfélagsins. Fyrsti viðburður ársins var á þrettándanum en þá fengu börnin stjörnuljós í boði félagsins. Svo í beinu framhaldi var kaffisamsæti í Lindartungu sem Kvenfélagið Björk stóð fyrir.

Þorrablótið var haldið aðra helgina í Þorra og tókst vel til. Þetta er aðal fjáröflun félagsins og því mikilvægt að halda í þessa skemmtilegu hefð að halda þorrablót.

Hátíðarhöldin á þjóðhátíðardegi Íslendinga fóru fram í Lindartungu. Boðið var upp á andlitsmálningu, farið í útileiki og spilaður fótbolti, mörkin sem voru keypt ný árið áður fyrir styrk frá Rannís nýttast vel. Ungmennafélagið lagði til súkkulaðitertu og Kvenfélagið Björk bakaði vöflur. Það er ómetanlegt að geta verið í góðu samstarfi með kvenfélaginu þegar kemur að því að halda úti svona smáviðburðum fyrir samfélagið.

Spilakvöldið á milli jóla og nýárs var á sínum stað. Spiluð var félagsvist á 8 borðum sem þykir nokkuð góð mæting. Þar komu saman fólk á öllum aldri og einstaklega skemmtilegt að sjá yngri kynslóðina læra af þeim reyndari.

Lokaorð

Eins og kemur skýrt fram í ársskýrslu þá er Ungmennafélagið Eldborg ekki hefðbundið íþróttafélag en þó má ekki gleyma því að félagið gegnir einstaklega mikilvægu hlutverki fyrir nær samfélagið. Viðburðir á vegum félagsins eru vel sóttir og fólk er þakklátt fyrir starfseminu sem er í gangi. Það er mikilvægt að fullorðnir og börn hafi tækifæri til þess að hittast á tímum sem þessum, þar sem snjallvæðing leiðir frekar til þess að fólk haldi sig heima og hittist sjaldnar í persónu. Við höfum haldið í einfaldleikann þegar kemur að viðburðum, hlutirnir þurfa ekki að vera flóknir til þess að hittast og eiga góða stund saman.

UMF. Staðarsveitar

Í þessari skýrslu verður farið yfir það helsta sem gert var á árinu 2024. Stjórnin þakkar samveruna og samstarfið við viðburði félagsins.

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn í félagsheimilinu að Lýsuhóli þann 19. mars, almenn aðalfundarstörf. Á fundinum var sitjandi aðalstjórn kosin til áframhaldandi setu en breytingar urðu á meðstjórnendum.

Þjóðhátíðardagurinn

17. júní var haldinn hátíðlegur á íþróttavellinum að Lýsuhóli þar sem farið var í skrudgöngu og leiki og síðan boðið upp á veitingar. Fjallkonan var Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir og las hún upp tvö ljóð eftir Símon Sigurmonsson frá Görðum, fyrst ljóðið „Snæfellsbær“ og síðan ljóðið „Ástareldur“. Að lokum bauðst viðstöddum að skella sér í Lýsulaugar.

Unglingalandsmót

UMF.St. átti fulltrúa á unglíngalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi 2024 og að sjálfsögðu voru þeir félaginu til sóma.

Vatnasundkeppni

Þann 31. júlí var hið árlega vatnasund haldið. Synt var í Torfavatni og hafði Þormóður Garðar Símonarson í Tvíodda umsjón með sundinu. Að sundi loknu bauðst þátttakendum að ylja sér í Lýsulaugum.

Ganga að Krossum

Þann 18. ágúst stóð félagið fyrir göngu þar sem gengið var frá fjörunni neðan við Gaul í Staðarsveit og að Krossum. Þar tók Heiðar Jónsson á móti hópnum og sagði frá sögu staðarins. Ferðin var mjög vel heppnuð, mæting góð og veðrið upp á sitt besta. Að göngu lokinni safnaðist hópurinn saman á þeim stað þar sem gangan hófst og þar var boðið upp á snarl.

Áramótabrenna

Til stóð að halda áramótabrennu þann 30. desember að venju. Því miður varð að aflýsa brennunni vegna veðurs þetta árið.

Það sem er framundan

Hægt er að fylgjast með hvað er framundan á fésbókarsíðu félagsins. Einnig viljum við benda á heimasíðuna okkar, www.umfstadar.is

Stjórn Ungmennafélagsins 2023:

Sigurósk Sunna Magnúsdóttir, formaður.

Eiríkur Böðvar Rúnarsson, ritari.

Pórður Svavarsson, gjaldkeri.

Meðstjórnendur:

Guðmundur Grétar Bjarnason.

Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir.

Særós Freyja Guðnadóttir.

Varamenn:

Silja Sigurðardóttir

Póra Kristín Magnúsdóttir

Kristján Þórðarson

Endurskoðendur:

Porkell Símonarson

Rósa Erlendsdóttir

Íþróttafélag Miklaholtshrepps

Aðalfundur ÍM var haldinn 24. mars 2024 að Breiðabliki. Ársskýrsla og reikningar fyrir árið 2023 lögð fram og samþykkt. Formaður/gjaldkeri: Laufey Bjarnadóttir. Ritari: Sveinbjörg Zophoníasdóttir.

Héraðsþing HSH var haldið að Lýsuhóli 11. apríl 2024 og fóru fulltrúar ÍM á það þing, þar voru miklar lagabreytingar samþykktar á lögum HSH, ásamt heiðrunum frá ÍSÍ og UMFÍ.

Spilakvöld var haldið um páskana og milli jóla og nýárs í samstarfi við Kvenfélagið Liljuna. Kaffihúsið Hjá Góðu fólki bauð fram aðstöðu sína. Vel var mætt, spiluð var félagsvist og höfðu allir mikið gaman af.

Félagar á öllum aldri úr ÍM sóttu mót á árinu, páskamót HSH, meistaramót FRÍ, silfurleika ÍR, einnig Landsmót 50+ sem var í Vogum, Unglingalandsmót UMFÍ sem var í Borgarnesi.

Á árinu 2023 var hirt um völinn á Breiðabliki, borið á hann og sleginn. Haldnar voru tvær frjálsíþróttæfingar og komu þau Björg Gunnarsdóttir og Snjólfur Björnsson úr Stykkishólmi, góð mæting (milli 15-20 krakkar) var og áhugi barna og unglinga mikill.



Hestamannafélagið Snæfellingur

Stjórn Snæfellinga

Formaður Herborg S. Sigurðardóttir Helgafellssveit, gjaldkeri Íris Huld Sigurbjörnsdóttir Stykkishólmi, ritari Gróa Hinriksdóttir Stykkishólmi, aðrir meðstjórnendur Hlynur Þór Hjaltason Stykkishólmi og Sölvi Konráðsson Ólafsvík.

Varastjórn

Katharina Kotschote Eyja-og Miklaholtshrepp, Nadine E. Walter Helgafellssveit, Hildur Ósk Þórsdóttir Hellissandi, Ásdís Ó. Sigurðardóttir Stykkishólmi, Stefán S. Kristófersson Ólafsvík.

Iðkendafjöldi er 281.

Iðkendur árið 2024 voru 274. Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir tók þátt í Norðurlandamótinu í ágúst. Snæfellingur átti knapa í mörgum deildum á síðasta ári í 1. deildinni, áhugamannadeildinni, Vesturlandsdeildinni og Meistaradeild ungmenna. Snæfellingur átti knapa í flestum stórum mótum sem voru haldin á árinu og á Landsmóti hestamanna sendum við hesta og knapa í alla flokka.

Starf félagsins

Stjórn hefur hist reglulega og fundað. Einnig hefur tölvupóstur og Facebook síða stjórnarinnar verið nýttar til að leysa það sem þarf á milli funda. Sendum 4 fulltrúa á LH þingið. Sendum 4 fulltrúa á HSH þingið. Félagið ákvað á síðasta aðalfundi að styrkja hesteigendafélögin um 1,5 milljón til að bæta reiðvellina sem eru í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík.

Folaldasýning var í Söðulsholti. Tveir fulltrúar frá Snæfelling sitja í framkvæmdanefndinni fyrir Fjórðungsmótið í Borgarnesi. Voru félagsmenn duglegir að boða til reiðtúra og eru þetta skemmtilegir dagar þar sem öllum er boði að vera með.

FM 2025

Framundan er Fjórðungmót Vesturlands í Borgarnesi og er þetta stærsta mótið sem er haldið á vesturlandi og halda félögin 4 á vesturlandi þetta saman. Hvert félag á 2 fulltrúa í framkvæmdanefndinni og Magnús Benediktsson var ráðinn framkvæmdastjóri. Fundað er reglulega og er allt komið á fullt í undirbúning.

Námskeiðshald

Bjarki Þór Gunnarsson, Elisabeth Marie og Fanney Gunnarsdóttir komu og voru með helgarnámskeið. Ásdís og Siguroddur buðu uppá námskeið fyrir þá sem vildu fá leiðsögn fyrir gæðingamótið okkar.

Æskulýðsstarfið

Æskulýðsstarfið byrjaði árið 2024 á því að spila bingó í félagsheimili hestamannafélagsins í Grundarfirði, Fákaseli 9. Febrúar '24, stjórnin bauð upp á pizzu party og afhenti þátttökuvíðurkenningar fyrir mótarið '23. Mætingin var góð og veglegir vinningar í boði.

15./16. og 18./19. apríl var haldið reiðnámskeið fyrir börn á aldrinum 5-10 ára, kennarinn var Sigríður Sóldal og útvegaði hestamannafélagið hesta og búnaðinn til þess að auðvelda börnum sem eiga ekki eigin hest þátttökuna. Námskeiðið fór fram á tveimur stöðum, Stykkishólmi og Ólafsvík.



Ásdís Sigurðardóttir og Siguroddur Pétursson buðu upp á undirbúnings námskeið fyrir börnin fyrir þátttöku á Íþróttamóti Snæfellinga og Landsmóti hestamanna um sumarið.

Alls náðu 7 knapar úr yngri flokkunum þátttökurétt á Landsmótið.

Til að reyna að fá fleiri krakka til að koma og vera með var ákveðið að breyta til og fara í sund 15. júlí, æskulýðsnefndin bauð krökkunum í pylsur eftir á.

10. ágúst var farið í fjölskylduhestaferð frá Minni-Borg að Miklaholtsseli þar sem pylsur voru grillaðar og farið í leiki. Í þessari ferð var sérstaklega tekið tillit til yngri og óöruggari knapa. Frábær þátttaka náðist í okkar árlegu námskeiðsferð á Skáney þar sem krakkar gista eina helgi, fá reiðkennslu og leiðbeiningar í öllu sem viðkemur hestamennsku. Farið var með 15 kátum krökkum í þetta skiptið.

Fyrir hönd æskulýðsnefndarinnar:

Katharina Kotschote

Mótahald

Snæfellingismótaröðin

3 mót sem eru haldin í reiðhúsunum í Stykkishólmi og Ólafsvík og úti á vellinum í Grundarfirði.

Létt og skemmtileg keppni þar sem er reynt að ná til sem flestra og reyna að fá nýtt fólk til að prófa sig í léttari keppni og ýtir undir yngri kynslóðina í að koma og spreyta sig í að keppa á hesti.

Sameiginleg úrtaka fyrir Landsmót

Snæfellingur, Borgfirðingur, Dreyri og Glaður héldu sameiginlega úrtöku í Borgarnesi fyrir landsmótið eins og hefur verið gert í nokkur skipti fyrir Landsmót og boðið var uppá tvöfalda úrtöku.

Íþróttamótið

Opið íþróttamót Snæfellinga fór fram sunnudaginn 30. apríl í Grundarfirði. Langur dagur þegar flokkarnir eru svona margir. En allt gekk vel og hratt fyrir sig og við náðum að klára um kvöldmatarleytið. Afhentum aftur farandbikarana. Hesteigendafélag Grundarfjarðar sá um veitingasölu.



Pollaflokkurinn á mótinu.

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina- 2. flokkur

Nadine E. Walter

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina – 1. flokkur

Siguroddur Pétursson og Sól frá Söðulsholti

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina – ungmennaflokkur

Mara Diekmann og Drottning frá Stykkishólmi

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina –unglingaflokkur

Ari Osterhammer Gunnarsson

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina – barnaflokkur

Rebekka Lusie Lehmann

Samanlagður sigurvegari fimmgangsgreina – 1. flokkur

Siguroddur Pétursson og Tign frá Hrauni

Stigahæsti knapi mótsins

Siguroddur Pétursson

Gæðingamótið.

Gæðingamótið fór fram í Stykkishólmi 3. júní og var þátttakan góð. Fínn dagur sem verður ekki of langur þegar bara er einblítt á gæðingakeppnina.



Hestur mótsins var Aðall frá Lyngási

Hryssa mótsins var Stöð frá Bergi

Efnilegasti knapi mótsins var Haukur Orri Bergmann Heiðarsson

Knapi mótsins var Siguroddur Pétursson

Uppskeruhátíð Snæfellings

Uppskeruhátíðin var haldin hjá þeim Ulriku og Henning í Miklaholtsemi. Frábær aðstaða og vel tekið á móti okkar. Áttum þarna skemmtilega kvöldstund saman. Að venju var happdrættið á sínu stað. Veittum líka viðurkenningar fyrir góðan árangur á árinu og öll börn, unglingar og ungmenni sem tóku þátt í mótum undir merkjum Snæfellings fengu veitt hvatningaverðlaun. Einnig voru veittar eftirfarandi viðurkenningar:

Viðurkenningar

Íþróttaknapi: Siguroddur Pétursson, sem var líka kjörinn Íþróttamanneskja HSH

Hestar

4 vetra: Njörður frá Hrísakoti. Ae. 8.41 rækt. Sif Matthíasdóttir.

5 vetra: Arius frá Bjarnarhöfn. 8.41 rækt. Herborg Sigríður.

6 vetra: Hvammur frá Brautarholti, Ae. 8.28 rækt. Snorri Kristjánsson.

7 vetra: Hrollur frá Bergi. Ae. 8.27 rækt. Anna Dóra og Jón Bjarni.

Hryssur

5 vetra: Blíða frá Bergi, ae. 8.44 rækt. Anna Dóra og Jón Bjarni.

6 vetra: Ásýnd frá Brautarholti, ae. 8.07 rækt. Snorri Kristjánsson.

7 vetra: Fjöður frá Hrísakoti, ae. 8.46 rækt. Sif Matthíasdóttir.



Ræktunarbúið Berg, ræktendur Anna Dóra og Jón Bjarni

Potuskjöldurinn

Potuskjöldurinn viðurkenning sem sem Leifur Kr. Jóhannesson gaf félaginu til minningar um heiðursverðlauna hryssu sína Potu frá Innra-Leiti.

Að þessu sinni er hann afhentur fyrir félagsmál.

Ólafur Tryggvason hefur lagt félaginu og hestamenskunni mikið lið í félagsmálum og verið óeigingjarn á sitt starf fyrir okkur hestamenn.

Það er margt sem hann hefur komið að undanfarin ár. Var gjaldkeri í 12 ár, sat í framkvæmdanefnd FM 2017 og er mjög virkur og duglegur félagsmaður og gott að hafa hann með sér í hverju sem er. Öll þessi vinna sem einstaklingar vinna fyrir félagið okkar og allt gert í sjálfböðavinnu.

Reiðveganefndin

Í ár var styrkurinn frá LH 2.799.405 kr.

Þetta ár var aðalega hugsað um að lagfæra vegi og þá mest út frá hesthúsahverfunum.

Varðandi ferðaleiðirnar þá var ákveðið að leggja veg frá afleggjaranum á þjóðveginum við Haukatungu og yfir á gamla veginn sem liggur upp að Skjálg.

Lokaorð

Lokaorðin í þessari skýrslu eru kærar þakkir til allra þeirra sem lögðu fram sjálfböðavinnu til félagsins. Án allrar þessarar sjálfböðavinnu yrði lítið starf.

Fyrir hönd stjórnar

Herborg Sigurðardóttir, formaður.

Skotfélag Snæfellsness

Stjórn félagsins:

Arnar Geir Diego Ævarsson – formaður

Mandy Nachbar – gjaldkeri

Guðmundur Andri Kjartansson – Ritari

Birgir Guðmundsson – meðstjórnandi

Gunnar Ásgeirsson – meðstjórnandi

Jón Pétur Pétursson – meðstjórnandi

Arnar Guðlaugsson – meðstjórnandi

Samúel Pétur Birgisson – meðstjórnandi

Unnsteinn Guðmundsson - meðstjórnandi

Í lögum félagsins kemur m.a. fram að markmið félagsins sé að útvega húsnæði fyrir félagsfundi, skapa félögum aðstöðu til skotæfinga og eiga samvinnu við önnur skotfélög. Við höfum unnið markvisst að þessum markmiðum undanfarin ár með góðum árangri. Við höfum átt gott samstarf við önnur skotfélög og mikill vinskapur hefur myndast milli félaga og félögin skiptast á þekkingu og reynslu sem eflir félögin öll. Við erum einnig búin að bæta aðstöðu félagsmanna til skotæfinga mikið sem hefur svo skilað sér í bætum árangri okkar keppanda. Við eigum nú orðið keppendur í mörgum keppnisgreinum sem keppa um allt land og einnig á erlendri grundu. Á liðnu ári keppti okkar fólk á fjórum mótum erlendis með góðum árangri.

Árið byrjaði á PR22 sem haldið var hjá Skotíþróttafélagi Kópavogs. Þar voru Heiða og Pétur mætt til keppni en þau keppa orðið flestar helgar ársins eða á öllum þeim mótum sem þau komast á. Heiða Lára var eina konan sem tók þátt í þessu móti en alls tóku 26 keppendur þátt í mótinu. Okkar fólk stóð sig gríðarlega vel og endaði Heiða Lára í 5. sæti og Pétur Már í 8. sæti. Við óskum þeim til hamingju með góðan árangur.

Þrátt fyrir að dagarnir hafi verið stuttir og kaldir í byrjun árs þá slógu félagsmenn hvergi slöku við og stunda skotæfingar af fullum krafti. Nýja skothúsið hefur breytt öllu fyrir félagsmenn sem geta nú stundað skotæfingar allt árið. PRS hópurinn var einnig verið mög virkur og stundað æfingar utandyra þrátt fyrir snjó og kalda daga. Það er gleðilegt að sjá hvað félagsmenn eru duglegir við æfingar og við biðum spennt eftir sumrinu og komandi verkefna sem stjórn félagsins var strax byrjuð að skipuleggja í byrjun árs.

Þrátt fyrir að skíðavertíðin hafi staðið sem hæst og kuldalegt var um að lítast á skotsvæðinu þá var nóg um að vera á æfingasvæðinu og við vorum líka farin að huga að vorverkunum. Okkar fulltrúi mætti líka á formannafund sem haldinn var með HSH þar sem forsvarsmenn aðildarfélaganna innan HSH hittust og ræddu málin ásamt framkvæmdastjóra HSH. Í kjölfarið var svo haldinn stjórnarfundur hjá stjórn Skotfélags Snæfellsness þar sem m.a. verður farið yfir fjármálin og uppbyggingu á æfingasvæðinu og komandi vikur verða skipulagðar. Framkvæmdir sumarsins voru skipulagðar, mótamál, rafmagnsmál, aðstöðusköpun fyrir æfingar og keppni í PRS, kaup á búnaði fyrir þjálfun nýliða og margt fleira. Þá var einnig ákveðið að aðalfundur félagsins yrði haldinn um miðjan mars í Stykkishólmi. Félagsmenn voru svo reglulega upplýstir um ákvarðanir stjórnarinnar, en við reynum að upplýsa félagsmenn um allar ákvarðanir og frekari fréttir á heimsíðu félagsins www.skotgrund.is.

Í vor keypti félagið efni til þess að búa til þrautir fyrir æfingar og keppni í PRS og okkar menn í Stykkishólmi tóku sig saman og smíðuðu þrautir til að setja upp á æfingasvæðinu. Markmiðið var að setja upp sérstaka PRS braut samsíða riffilbrautinni þar sem valdar þrautir verða alltaf tilbúnar til notkunar. Félagarnir Arnar Geir, Kári Hilmarsson og Gunnar Ásgeirsson voru búnir að smíða fjölmargar þrautir fyrir félagið í gegnum árin, en þessar þrautir voru smíðaðar úr stáli og steypar fastar. Það mun bæta alla aðstöðu til skotæfinga allt árið og þá fer minni tími í undirbúning og frágang fyrir æfingar og keppni. Hægt er að sjá fleiri myndir á Facebook síðu félagsins. Við þökkum Adda, Kára og Gunna fyrir ómetanlegt framlag þeirra til félagsins og Skipavík ehf. sem hefur lánað okkur aðstöðu og tæki til að smíða þrautirnar.

Á vordögum fengum við í hús nýja riffla sem keyptir voru til þess að nota við þjálfun nýliða og til að halda önnur námskeið. Félagið hefur um árabil boðið upp á grunnnámskeið fyrir byrjendur og unglíngar, haldið konukvöld, unglíngakvöld og fleiri viðburði. Markmið félagsins er að auka útbreiðslu skotíþróttar og bjóða upp á góða aðstöðu til skotæfinga þar sem allir fá að taka þátt. Með nýja búnaðinum getum við betur tekið á móti nýliðum og áhugasömu fólki. Keyptir voru tveir 22.cal riffilar en fyrir átti félagið 2 riffila. Keyptir voru 4 nýir sjónaukar og nú á félagið því 4 góða riffila og allir eru þeir með samskonar sjónauka. Það var verslunin Vesturröst sem útvegaði þennan flotta búnað.

Þrátt fyrir að sumarið væri ekki komið þá var keppni í 22PR komin á fullt og þá innandyra. Heiða og Pétur voru að sjálfsögðu mætt til leiks en að þessu sinni var mótið haldið hjá Skotíþróttafélagi Kópavogs í Digranesi. 20 keppendur voru skráðir til leiks og enduðu Heiða og Pétur í 9. og 14. sæti. Sigurvegarar mótsins voru Einar Pétursson, Ármann Guðmundsson og Bjarni Valsson.

Þetta var þriðja mótið í mótariðinni og eftir 3 mót var Heiða Lára í 4. sæti og Pétur í 11. sæti af 34 keppendum. Hægt er að sjá myndir á Facebook síðu Skotíþróttafélags Kópavogs <https://www.facebook.com/skotkop>

Veturinn var óvenju snjópungur og vetrarfærð ríkti víða um land. Skíðafólk gat staðið brekkurnar fram til 18. apríl hér á Snæfellsnesi en þungfært var inn að skotsvæðinu um nokkurt skeið. Skyndilega bættist svo við rúmlega 30 cm jafnfallinn snjór og svo fór að blása. Það var

því alveg ófært að æfingasvæðinu. Við fengum því Grundarfjarðarbæ til að hreinsa veginn inn að æfingasvæðinu okkar svo okkar fólk gæti haldið skotæfingum áfram. Því var reddað í einum grænum og það var fljótt orðið fært aftur. Félagsmenn voru ekki lengi að bregðast við og hófu skotæfingar, en fyrsta PRS mót ársins var innan seilingar.

Aðalfundur 10. apríl

Aðalfundur Skotfélags Snæfellsness var haldinn miðvikudaginn 10. apríl kl. 20:00 í bakaríinu í Stykkishólmi (Nesbrauð). Við höfum reynt að halda aðalfundi félagsins á sem fjölbreyttustu stöðum til þess að reyna að fá sem flesta til að mæta. Fundurinn hefur í gegnum árin verið haldinn í Snæfellsbæ, Grundarfirði og í félagshúsnæði félagsins í Kolgrafafirði. Þetta var í fyrsta skipti sem fundurinn hefur verið haldinn í Stykkishólmi og mætingin var fín. Farið var yfir hefðbundin aðalfundarstörf og ný stjórn var kosin. Við vorum búin að auglýsa eftir farmboðum til stjórnarstarfa og einnig eftir framboðum til formanns. Þeir sem höfðu áhuga á að bjóða fram krafta sína gátu sent okkur tölvupóst á skotgrund@gmail.com eða mætt á fundinn og boðið sig fram. Nýr formaður var kosinn og ný stjórn skipar 9 fulltrúa.

Arnar Geir nýr formaður Skotfélags Snæfellsness

Arnar Geir var kosinn nýr formaður félagsins og tók hann við af Jóni Pétri sem hafði verið formaður í 13 ár. Jón Pétur er þó hvergi nærri hættur að starfa fyrir félagið og mun starfa áfram í stjórn félagsins. Með nýju fólki koma nýjar áherslur og við hlökkum til að fá að njóta krafta Arnars í framtíðinni. Addi hefur verið mjög virkur í starfi félagsins undanfarin ár og hefur komið inn með ferskar hugmyndir og sýnt mikið frumkvæði. Hann hefur staðið fyrir útbreiðslu PRS innan félagsins og skipulagt námskeið og mót á vegum félagsins. Þá hefur hann einnig verið einn fremsti keppandi félagsins í PRS. Það eru mjög spennandi tímar fram undan hjá félaginu og við flytjum fréttir af því helsta á heimasíðu félagsins. Við erum mjög heppin að hafa fengið Arnar Geir sem formann og það er greinilegt eftir fyrsta árið að hann hefur mikinn áhuga, kraft og metnað fyrir uppbyggingu félagsins.

Ný stjórn félagsins kom saman fljótlega eftir aðalfundinn inni á skotsvæði til að fara yfir málin og skipuleggja verkefni sumarsins. Farið var með nýju PRS þrautirnar og þeim var valinn staður. Ljósavélin var sett í gang og leirúfukastvélarnar prófaðar eftir veturinn. Ákveðið var að panta loftaklæðningu í skothúsið og steypujárn fyrir útisvæðið. Fyrstu verkefni sumarsins voru skipulögð en steypuvinna úti og frágangur innanhúss í skothúsinu átti að vera í forgangi. Ákveðið var svo að auglýsa vinnudaga þegar framkvæmdir hefjast.

Íslandsmeistaramótið í PRS hófst laugardaginn 13. apríl hjá skotfélaginu Skyttur. Okkar fólk var mætt til leiks, en Dagný Rut keppti í verksmiðjuflokknum og hafnaði í 2. sæti af 6 keppendum. Í opna flokknum náði Kári Hilmar 6. sæti, Arnar Geir var í 11. sæti og Steinar Smári í 13. sæti af 18 keppendum. Við þekkjum öll vel Arnar Geir, Kára og Dagnýju, en þau eru búsett hér á Snæfellsnesi. Með bættri aðstöðu til skotæfinga hefur nýjum félagsmönnum fjölgað úr öðrum sveitarfélögum sem öll vilja keppa undir merki Skotfélags Snæfellsness. Steinar Smári er einn af nýjum félagsmönnum okkar, en hann keppir í PRS.

Skotfélag Akraness í heimsókn

Í lok apríl fengum við góða gesti í heimsókn en það voru félagar úr Skotfélagi Akraness. Félögin hafa átt gott vinasamstarf um árabíl og það var virkilega gaman að hitta þetta góða fólk. Við byrjuðum daginn á því að skjóta leirskífur og svo var farið yfir á riffilsvæðið þar sem var mikið spjallað og spekúlerað. Algjörlega frábær dagur. Skotið var fram að kvöldmat en erfitt var að slíta sig frá þessu og halda heim því veðrið var með besta móti. Við þökkum Skotfélagi Akraness fyrir skemmtilega heimsókn og við hlökkum til að hittast aftur.

Íslenski hópurinn fór til Noregs

Í maí fór hópur Íslenskra PRS keppenda til Noregs til að keppa á Víking Trail mótinu í PRS. Þar á meðal voru nokkrir keppendur frá Skotfélagi Snæfellsness, en Viking Trail mótið er eitt stærsta PRS mót sem haldið er í Evrópu. Fyrsti dagurinn var erfiður, mikill vindur úr öllum áttum og mjög krefjandi aðstæður. Okkar menn voru þó sáttir eftir fyrsta daginn miðað við aðstæður.

Þeir lærðu mikið á þessum móti en þeir voru að keppa með nokkrum af bestu PRS skyttum í Evrópu og Ameríku og komu með mikla reynslu og þekkingu hingað heim eftir mótið.

Heimsókn á Blönduós

Unnsteinn Guðmundsson fór í heimsókn norður í land til að heimsækja Skotfélagið Markviss á Blönduósi. Við höfum átt í góðu sambandi við Markviss um árabíl og félögin hafa heimsótt hvort annað. Skotfélagið Markviss hefur verið mjög framarlega í leirdúfuskotfimi og við höfum oft fengið ráðleggingar frá þeim varðandi skotvöllinn okkar.

HÍB kom í heimsókn

Í byrjun maí kom Hið íslenska byssuvinafélag í heimsókn og hélt herrifflakeppni á skotæfingasvæðinu okkar. Skotið var fríhendis á 100 m færi og á borði á 200 m færi úr rifflum sem framleiddir voru fyrir 1945. HÍB fer reglulega í veiðiferðir, fá til sín kynningar á byssutengdu efni og halda skotkeppnir. Á öllum viðburðum er mikið lagt upp úr að borða villibráð sem þeir elda sjálfir eða fá til sín góða kokka. Þetta er í annað skipti sem HÍB kemur til okkar og fær afnot af vellinum okkar sem þeir segja að sé einn sá besti. Við þökkum HÍB fyrir heimsóknina og góða umgengni um æfingasvæðið.

PRS mót í Höfnum

Þann 11. og 12. maí fór fram fyrsta PRS mót sumarsins í mótariðinni sem telur til Íslandsmeistara. Keppt var í tveimur flokkum og keppnis dagar voru tveir. Dagný Rut keppti í verksmiðjuflokknum og endaði hún í 2. sæti af 4 keppendum.

STÓR PRS HELGI

Dagana 25. – 26. maí fóru fram tvö PRS mót á æfingasvæði í okkar. Á laugardeginum var keppt með stærri rifflum og á sunnudeginum var keppt í PR22 með 22.cal rifflum, en bæði mótin eru hluti af Íslandsmeistaramótaröðinni. Fyrri daginn var mjög hvasst og meðal vindur upp á 15-18 m/s og vindhviður fóru yfir 35 m/s. Einhverjir félagsmenn voru efins um það hvort hægt væri að keppa í þessum vindi en þeir sem hafa reynsluna voru hvergi efins og staðráðnir í að halda mótið sem var rétt ákvörðun. Aðrir félagsmenn sem ekki voru að keppa mættu til þess að hella upp á kaffi og sjá keppendum fyrir heitum samlokum á meðan á mótinu stóð. Vissulega voru aðstæður krefjandi og stundum þurftu keppendur að leggjast í var á meðan mesta rokið gekk yfir en að mótinu loknu voru keppendur mjög sáttir og þetta mót situr eftir í minni manna.

Á sunnudaginn var svo keppt í PR22 með 22.cal rifflum og þá var veðrið orðið betra. Mótin voru mjög vel heppnuð. Við þökkum Arnari Geir Diego Ævarsson og Kári Hilmarsson fyrir flott mót og við þökkum PRS Iceland fyrir góða mætingu og góða umgengni um æfingasvæðið.

Sjómannadagsmót

Fimmtudaginn 30. maí fór fram stórskemmtilegt Sjómannadagsmót í leirdúfuskotfimi. Þetta er rótgróið mót hjá félaginu sem haldið er árlega og það var ótrúlega góð mæting og mikið fjör. Það var met þátttaka þetta árið og gott rennsli, en 22 keppendur tóku þátt í ár. Landsliðið sigraði liðakeppnina í ár og Gísli Valur Arnarson sigraði mótið. Í öðru sæti var Unnsteinn og Guðmundur Andri Kjartansson í þriðja sæti. Mótsmeistari í kvennaflokki var Dagný Rut en hún var eini keppandinn í kvennaflokki.

Skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn

Skotfélag Snæfellsness bauð upp á skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn eins og undanfarin 12 ár. Prófin gengu flest öll vel að þessu sinni en það var aðeins 11% fall þetta árið. Stundum hefur það farið upp í 45%. Það er því greinilegt að veiðimenn eru að undirbúa sig betur fyrir veiði en við hjá Skotfélagi Snæfellsness höfum talað mikið fyrir því að veiðimenn undirbúi sig vel og við höfum reynt að hafa gott aðgengi að æfingasvæðinu fyrir alla hvort sem viðkomandi sé í félaginu eða ekki.

Vegurinn hækkaður

Eins og fram kom hér áður þá hefur stundum verið ófært upp að æfingasvæðinu okkar og þá sérstaklega slóðinn frá gamla þjóðveginum og upp að æfingasvæðinu. Því var ákveðið að hækka veginn til að auðvelda aðgengi félagsmanna að æfingasvæðinu allt árið. Vegurinn var hækkaður umtalsvert og þá var beygjan út af Kolgrafafjarðarvegi breikkuð og hækkuð.

Með tilkomu nýja skothússins og fjölgun félagsmanna eru skotæfingar stundaðar flestar vikur ársins á æfingasvæðinu. Kolgrafafjarðarvegur hreinsar sig vel af snjó og er oftast fær, en

afleggjarinn upp að skotsvæðinu sem er um 320 m langur getur oft verið þungfær. Því var ákveðið að hækka veginn.

Svo styttist líka í að við fáum nýja félagsheimilið sem við keyptum afhent og þá þarf að flytja húsið inn á skotsvæði á flutningabíl og fá til verksins stóran krana. Þessar vegaf framkvæmdir eru því einnig liður í að undirbúa þann flutning.

Gjöf frá Liston

Eins og mörgum er kunnugt þá höfum við lagt mikla vinnu í að snyrta til á skotsvæðinu og í júní barst okkur glæsileg gjöf frá listamanninum Lúðvík Karlsson Liston. Um er að ræða glæsilegt listaverk sem mun prýða æfingasvæðið. Listaverkið var sérstaklega smíðað fyrir okkur og heitir "Fossbúinn" og er listaverk úr grjóti þar sem Fossbúinn horfir á Hrafnafoss, sem er eitt helsta kennileiti svæðisins. Á bakhlið listaverksins er skotskífa sem tengir saman æfingasvæðið okkar og það stórbrotna landslag sem svæðið hefur upp á að bjóða. Við færum Liston okkar bestu þakkir fyrir.

Rafmagnað skotsvæði

Gríðarlega mikil uppbygging hefur átt sér stað á skotsvæðinu undanfarna mánuði. Skotæfingar eru nú stundaðar flesta daga ársins og félagsmönnum fjölgar í hverjum mánuði og æfingasvæðið hefur fengið mikið jákvætt umtal um að þetta sé „magnað skotsvæði“. Innan skamms verðum við komin með allt sem þarf til að vera með öflugt íþróttastarf.....NEMA RAFMAGN. Það er ekki hægt að vera með skipulagt íþróttastarf eða aðra starfsemi nema vera með frostfrí hús og rennandi vatn í salernin.

Við höfum barist fyrir því í 14 ár að fá rafmagn á svæðið og í byrjun sumars sendi HSH frá sér áskorun til sveitarfélaganna á Snæfellsnesi að beita sér fyrir því að aðstoða Skotfélag Snæfellsness við að rafvæða svæðið.

Sveitarfélögin brugðust skjótt við erindinu og tóku jákvætt í það að eiga samtál við fulltrúa HSH og annarra sveitarstjórna. Við erum ákaflega þakklát HSH fyrir að sýna okkur stuðning og beita sér fyrir því að við fáum rafmagn því það er ljóst að félagið á sér ekki framtíð á þessu svæði án rafmagns.

Í byrjun júlí fór fram fjórða mótið í Íslandsmeistaramótaröðinni í PRS, en mótið var haldið hjá Skaust Skotfélagi Austurlands. Dagný Rut náði í fyrstu verðlaun í verksmiðjuflokki, í öðru sæti var Haraldur Gústafsson og 3. sæti Orri Guðjónsson.

Í opnum flokki sigraði Stefán Eggert Jónsson, 2. sæti Bjarni Valsson og 3. sæti Jóhannes Ingibjartsson, en mjög mjótt var á munum á milli efstu sæta. Arnar Geir var í þriðja sæti eftir fyrsta daginn en lenti í vandræðum með hlaupið seinni daginn og endaði í 7. sæti. Það er gaman að sjá hvað okkar fólk er að standa sig vel og að bæta sig með hverju mótinu. Hægt er að sjá frekari úrslit á Facebook síðu PRS Iceland.

Aðalheiður Lára og Pétur Már gerðu sér ferð út fyrir landssteinana og kepptu í BR50 í Druten í Hollandi. "Skemmtilegt mót í alla staði og góð reynsla" sagði Heiða Lára en þau náðu þó ekki þeim árangri sem þau vonuðust eftir, en Heiða Lára á nágildandi Íslandsmet í Br50. "Það er gaman að kynnast nýju fólki" sagði Heiða Lára við blaðamann hjá staðarblaðinu í Druten, en þau voru tekin í viðtal eftir mótið fyrir staðarblaðið sem gefið er út í 350.000 eintökum.

Svakalegt framkvæmdasumar á æfingasvæðinu

Í lok júní fengum við að gjöf listaverkið "Fossbúinn" sem er listaverk úr grjóti. Því var komið fyrir fyrir framan skothúsið og um leið var farið í jarðvegsfyllingu í kringum skothúsið. Á sama tíma var byrjað að smíða loftagrind í loftið á skothúsinu. Strax í kjölfarið var farið í að leggja raflagnir í loftið og ganga frá rafmagnstenglum innanhúss.

Þann 1. júlí var byrjað að undirbúa steypuframkvæmdir við skothúsið og slegið var upp fyrir tröppum, veggjum og sökklum fyrir nýja félagsheimilinu, en það er m.a. liður í því að gera gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða að skotæfingasvæðinu.

Þann 6. júlí var hafist handa við að hækka- og breikka veginn upp að skothúsinu og næstu daga var miklu magni af efni var keyrt í lóðina umhverfis nýja skothúsið. Þá var einnig fengið fínt efni til þess að slétta og snyrta í kringum bílastæðið.

Þann 10. júlí var búið að setja upp hlið við æfingasvæðið og afmarka ríffilbrautina með sjávargrjóti sem var fengið frá Rífi. Unnir voru langir dagar frá morgni til kvölds við að snyrta svæðið.

Þann 20. júlí var fyrsta steypa. Þá voru steyptir 6 rúmmetrar af steypu og við steypum stétt fyrir framan húsið, sökklau undir nýja félagsheimilið og vegg á PRS svæðinu.

Dagana 23. og 24. júlí var allt æfingasvæðið grafið upp og settar voru niður vatnslagnir, frárennislagnir og rafmagnslagnir. Þegar lagnavinnunni var lokið var æfingasvæðið allt slétt og lagað aftur og gert snyrtilegt.

Áfram voru unnir langir dagar við niðurrif á steypumótum og uppslátt á nýjum mótum. Þess á milli var unnið innandyra í skothúsinu við frágang á veggjum og loftum.

Þann 2. ágúst var svo komið að steypu nr. 2. Við óttuðumst að við myndum ekki fá mannskap til að taka á móti steypunni en þetta var föstudagur um verslunarmannahelgi. Þær áhyggjur voru óþarfar því 19 manns mættu til að hjálpa til. Steyptir voru 23 rúmmetrar sem fóru í tröppur, gangstétt, vegg, svæði fyrir æfingar lögreglu og svæði fyrir keppni í PRS.

Aftur þurfti að rífa utan af og hreinsa steypumót. Strax var farið í að slá upp nýjum mótum og samhliða því var byrjað að klæða loftið í skothúsinu og sett var upp eldhúsinnrétting í skothúsinu. Þann 6. ágúst var vegurinn svo heflaður því það var að stytast í Íslandsmeistaramótið í PRS.

Þann 7. ágúst var síðasta steypan steyp. Þá voru steypdir 12 rúmmetrar af gangstéttum á nokkrum stöðum umhverfis skothúsið og farið var í lagfæringu á steypu veggjunum sem steypdir voru síðasta haust.

Svo var farið í allsherjar hreingerningu og tiltekt á svæðinu þar sem rusli var hent og byggingarefni var fjarlæggt. Þá var hægt að taka á móti gestum en Íslandsmeistaramótið í PRS fór fram helgina 10.-11. ágúst. Æfingasvæðið er nú að verða hið glæsilegasta, en við vorum þó hvergi nærri hætt og héldum framkvæmdum áfram inn í haustið.

Íslandsmeistaramótið í PRS – Kolgrafafirði

Helgina 10. og 11. ágúst var eitt stærsta PRS mót sem haldið hefur verið á Íslandi haldið á æfingasvæðinu okkar. Mótið var liður í Íslandsmeistaramótaröðinni og bar mótið nafnið "Fossbuinn Challenge PRS Match", en þar er verið að vísa í steininn "Fossbúinn" sem skotfélagið fékk að gjöf frá "Liston"(Lúðvík Karlsson) og stendur fyrir framan nýja ríffilhúsið og horfir upp í Hrafnafoss. Mótið heppnaðist með eindæmum vel og stefnt er að því að hafa það árlegan viðburð.

Skotnar voru 14 þrautir og 22 keppendur voru skráðir til leiks, en alls var um 3200 skotum skotið þessa helgi. Skotið var á ýmis færi og var stysta færið 258 metrar og lengsta færið var 776 metrar. Þrautirnar voru af ýmsum toga og var leitast eftir því að reyna á hinar ýmsu hliðar skyttunnar, en sumar þrautir voru með rúman tíma svo að flestir gætu náð að klára og svo voru aðrar með tímapressu og þar reyndi mikið á skipulag skyttunar og færni.

Það voru þeir Arnar Geir Diego, Kári Hilmarsson og Gunnar Ásgeirsson sem sáu um skipulag á mótinu og skrifuðu þeir einnig allar þrautirnar. Við þökkum þeim fyrir flott mót og góðan undirbúning, en svona stórt mót er margar vikur í undirbúningi.

Mikið var um veglega vinninga á mótinu og annað eins verðlaunaborð hefur ekki sést á skotmóti á Íslandi. Dregið var úr nöfnum þátttakenda og sá aðili sem var dregin út hverju sinni fékk að ganga upp að verðlaunaborðinu og velja sér þann vinning sem viðkomandi leist best á, en fjöldi styrktaraðila gáfu vinninga í mótið. Keppendur fengu allir vinning nema mótshaldararnir sjálfir sem ákváðu sjálfir að vera ekki með í pottinum.

Við fengum tvo góða gesti til okkar frá Noregi til að keppa með okkur en það voru hjónin Rúnar Jónsson og Þórunn Jónsson en þau eru á meðal fremstu PRS skytta í heimi. Keppt var í tveimur flokkum á mótinu, verksmiðjuflokki og opnum flokki.

Í verksmiðjuflokki var einn keppandi en var það hún Dagný Rut Kjartansdóttir og stóð hún því uppi sem sigurvegari í verksmiðjuflokki. Í opnum flokki voru 21 keppendur og hér má sjá efstu fimm sætin. Önnur úrslit má finna á Facebook síðu PRS Ísland.

1. Sæti: Rúnar Jónsson – Noregi með 130 hitt af 143 mögulegum

2. Sæti: Einar Pétursson – Íslandi með 119 hitt

3. Sæti: Þórunn Jónsson – Noregi með 116 hitt

4. Sæti: Stefán Eggert Jónsson – Íslandi með 113 hitt

5. Sæti: Bjarni Valsson – Íslandi með með 103 hitt

Þess má geta að þeir Einar Pétursson og Stefán Eggert Jónsson sem voru jafnir eftir fyrri daginn, voru í harðri baráttu um íslandmeistaratitilinn þar var Stefán með 300 stig og Einar með 292 stig og aðeins eitt mót var eftir í íslandsmeistaramótaröðinni.

Stjórnarfundur

Þann 14. ágúst var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórn félagsins fór yfir málefni félagsins. Farið var yfir stöðu fjármála, PRS mótið var gert upp, framkvæmdir sumarsins voru raktar o.fl. Unnsteinn sagði frá því að fljótlega myndi skýrast hvenær við fáum nýja félagsheimilið afhent. Rætt var um heimsókn heilbrigðiseftirlitsins vegna starfsleyfis og rætt var um að halda námskeið fyrir ungmenni í riffilskotfimi.

Heimsmeistaramótið í PRS

Í september fóru nokkrir keppendur frá okkur vestur yfir haf til að keppa á heimsmeistaramótinu í PRS í Colorado. Eftir langt ferðalag með 300 kíló af búnaði var íslenski hópurinn kominn út og búinn að koma sér fyrir í Grand Junction í Colorado. Þegar þeir voru búnir að koma sér fyrir og jafna sig á ferðaþreytunni fékk hópurinn að fara upp á skotsvæði að tékka af rifflana og átta sig aðeins á aðstæðum. Græjurnar virkuðu allar nokkurn veginn eins og ætlast var til í breyttu loftslagi, en það var helst hitinn sem var að sliga menn, en hitinn fór alveg upp í 34 gráður þegar leið á daginn.

Íslenski hópurinn átti að hefja keppni á laugardeginum kl. 07:00 (13:00 á íslenskum tíma) en okkar menn áttu að skjóta á laugardegi og mánudegi. Þetta var gríðarlega stórt mót og hægt var að fylgjast með í beinni útsendingu í gegnum streymi.

Það var nóg að gera hjá okkar mönnum eftir að þeir komu út. Á fimmtudaginn fengu þeir klukkutíma til að núlla rifflana sína og það leit allt vel út. Eftir það fóru þeir og skoðuðu básana hjá styrktaraðilum og fengu að prufa allskonar dót og þeir prófuðu ýmsan búnað og skotvopn. Eftir hádegið fóru þeir á námskeið í að lesa vind og eftir það var farið að spjalla við aðra keppendur og kynna þeim. Svo var matur og því næst opunarhátíð mótsins.

Á föstudeginum fóru þeir út á keppnissvæðið til að fylgjast með hinum flokkunum keppa og finna skotmörkin og skoða landslagið í kring. Svo enduðu þeir daginn á að fara yfir mótabókina og gera klárt fyrir fyrsta keppnisdag.

Fyrsti keppnisdagurinn gekk vel hjá okkar mönnum og öllum gekk bara ágætlega. Þrautirnar voru virkilega vel heppnaðar og krefjandi aðstæður. Það var erfitt að lesa vindinn en námskeiðið sem þeir fóru á hjálpaði þeim mikið t.d. til að lesa tíbrána. Veðrið var mjög milt

og gott þegar þeir byrjuðu um morguninn en svo fór sólin að skína og var hitastigið komið upp í 34 gráður þegar þeir kláruðu og það fóru því ansi margir lítrar af vatni yfir daginn.

Staðan var þannig eftir fyrsta dag í opna flokknum að Arnar Geir var í 77. sæti með 49 hitt. Einar var í 87. sæti með 41 hitt. Jói var í 94. sæti með 37 hitt. Dúi var í 97. sæti með 31 hitt og Steinar Smári var í 103. sæti með 14 hitt. Íslenski hópurinn fékk svo frí á sunnudeginum en átti að keppa aftur á mánudegi.

Seinni daginn gekk allt bara nokkuð vel. Aðstæður voru mjög erfiðar, miklir sviptivindar og sandstormur um tíma. Fyrst um morguninn var hitinn um 16°C en var svo kominn upp í 29°C þegar að keppnisdegi lauk. Það gengu allir sáttir frá borði og íslenski hópurinn stóð sig mjög vel. Staðan endaði þannig að, Arnar var í 77. sæti með 101 hitt, Einar var í 88. sæti með 85 hitt, Jói var í 92. sæti með 75 hitt, Dúi var í 95. sæti með 68 hitt, Steinar var í 103. sæti með 45 hitt. Íslensku Norðmennirnir gerðu frábært mót. Rúnar Jónsson var í 11. sæti með 160 hitt og Þórunn Jónsson var í 7. sæti með 116 hitt í kvennaflokki. Íslenska landsliðið endaði í 17. sæti af 23 liðum og eru menn hrikalega stoltir af þeim árangri. Við óskum þeim öllum til hamingju og það er ljóst að þeir komu heim með gífurlega mikla reynslu og þekkingu. Mótið endaði svo með verðlaunaafhendingu og lokaathöfn og eftir það hélt íslenski hópurinn til Denver og flaug svo heim til Íslands.

Litla heimsmeistaramótið

Þann 14. September var haldið lítið innanfélagsmót í PRS sem kallað var „Litla heimsmeistaramótið“. Þetta var skemmtimót sem haldið var í blíðskaparveðri á meðan að stórskyttur Íslands voru að keppa á HM í Bandaríkjunum. Það mættu 5 keppendur til leiks en aðal atriðið var bara að hafa gaman. Niðurstaða mótsins var að Gunnar Ásgeirsson var í fyrsta sæti, Kári Hilmarsson í öðru sæti og Þorsteinn Benediktsson í 3. sæti.

Veglegur peningastyrkur frá Vinstri grænum í Grundarfirði

Í byrjun október fékk Skotfélag Snæfellsness veglega peningagjöf frá Vinstri grænum í Grundarfirði, sem gefin var í minningu Ragnars Elbergssonar. Gjöfin er ætluð til rafvæðingar skotsvæðisins og eflingar félagsins, en félagið hefur barist fyrir því í 14 ár að fá rafmagn á skotsvæðið. Okkur dreymir um að geta verið með öflugt íþróttastarf fyrir börn og fullorðna allt árið um kring, en það er ekki hægt án þess að vera með rafmagn og frostfrí hús. Undanfarna mánuði höfum við verið með allar árar úti í von um að finna leiðir til að fá rafmagn, en það mun kosta á bilinu 20-25 milljónir. Það er stór biti fyrir félag sem er með litla veltu og er í mikilli uppbyggingu. Þessi gjöf kemur því eins og himnasending sem gefur okkur svo sannarlega vind í seglin og trú um að okkur takist að ná markmiðum okkar. Við sendum okkar bestu þakkir fyrir þennan rausnarlega styrk og við trúum því að hann muni skila sér í þágu samfélagsins með öflugum íþrótt- og tólmundastarfi. Takk fyrir okkur.

Formannafundur með HSH

Um miðjan október var haldinn formannafundur hjá HSH í Grunnskólanum í Stykkishólmi, en félagið okkar er eitt af mörgum aðildarfélögum HSH. Tveir fulltrúar frá okkar félagi sóttu fundinn en það voru þeir Arnar Geir formaður ásamt Jóni Pétri meðstjórnanda. Þar hittu þeir fyrir fulltrúa annarra aðildarfélaga ásamt stjórn HSH, fulltrúa frá ÍSÍ og einnig svæðisfulltrúa ÍSÍ/UMFÍ sem hóf störf fyrr á þessu ári.

Þetta var fínn fundur þar sem fulltrúar aðildarfélaganna ræddu um það hvert hlutverk HSH sé og hvernig HSH geti aðstoðað aðildarfélögin í þeirra starfi og uppbyggingu. Þá hélt Heiðar Mar Björnsson, annar af tveimur svæðisfulltrúum Vesturlands stutta kynningu á þeirra starfi og hvernig þau geta aðstoðað íþróttafélögin.

Þá var Héraðssambandi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitt viðurkenning sem "Fyrirmyndahérað ÍSÍ". Það var Hörður Þorsteinsson gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem afhenti Hjörleifi Kristni Hjörleifssyni formanni HSH viðurkenninguna.

Skotvopnanámskeið

Á haustdögum undirritaði Ríkislögreglustjóri samning við Skotvís um að Skotvís haldi utan um skotvopnanámskeið, en námskeiðin höfðu legið niðri um nokkurt skeið eða frá því að Umhverfisstofnun sagði upp samningnum við Ríkislögreglustjóra um síðustu áramót. Námskeiðin verða núna kennd í vefskóla og allt námsefni er að finna á netinu ásamt æfingaprófum. Skotfélög víða um landið munu svo annast verklega kennslu í samstarfi við Skotvís.

Skotfélag Snæfellsness hefur skipulagt skotvopnanámskeið í áratugi, fyrst í samstarfi við lögregluembættið á Vesturlandi og síðar í samstarfi við Umhverfisstofnun. Okkur rann því blóðið til skyldunnar þegar Skotvís hafði samband við okkur og óskaði eftir samstarfi með framkvæmd verklegrar kennslu. Okkur finnst það vera samfélagsleg ábyrgð okkar að sinna okkar sveitungum svo þeir þurfi ekki að sækja námskeiðin langa leið og Skotfélag Snæfellsness mun því bjóða upp á verklega þjálfun fyrir einstaklinga sem hyggjast ná sér í skotvopnaréttindi. Fyrstu nemendur þessa árs sóttu námskeið hjá okkur í lok október og stóðust það með glæsibrag. Við hlökkum til að hitta nýtt fólk og hjálpa þeim að stíga sín fyrstu skref á skotvöllinum.

Heiða Lára og Pétur kepptu á heimsmeistaramótinu í H.C. í Valencia á Spáni

Þann 4. september héldu Aðalheiður Lára og Pétur Már til Valencia á Spáni til að taka þátt í 5. heimsmeistaramóti WBSF í Hunter Class með cal.22 rifflum. Þann 8. september var völlurinn opnaður fyrir keppendum til að koma og skrá sig inn, skoða aðstæður, setja riffila í geymslu og einnig mátti skilja búnað eftir á skotsvæðinu.

Fyrsti dagur mótsins byrjaði ekki vel, en keppandi frá Ítalíu varð fyrir því óhappi að ganga á aðra yfirskotsvörnina og við það féll hann og fótbrotnaði. Það tók svo bráðaliða hátt í

klukkutíma að mæta á svæðið, þrátt fyrir að svæðið væri við enda á þéttri íbúðabyggð. En þessi óheppni Ítali þurfti að fara í aðgerð og því flaug hann heim daginn eftir.

Öryggisfundur var haldinn að loknum fyrri æfingardegi, þar var farið yfir þær öryggis- og vallarreglur sem mótshaldarar lögðu áherslur á. Að loknum öryggisfundinum, var fulltrúafundurinn haldinn. Heiða Lára var fulltrúi STÍ á þeim fundi þar sem farið var yfir næstu mót, en eftir 2 ár er stefnan sett á Ítalíu. Á hádegi seinni æfingardags var boðið til opunarhádegisverðar. Hann var haldinn í kaffiteríu vallarins og var ljómandi finn. Allir fengu þá afhentan þátttöku pening frá Skotsambandi Spánar með merki mótsins.

Þegar fyrri keppnisdagur byrjaði var völlurinn döggvotur og hitinn að hækka. Þannig að þegar fyrsti riðill var ræstur um kl. 9:00 var lítill vindur og því töluverð tíbrá. Heiða Lára lenti því í þó nokkru veseni vegna þess. Sömu aðstæður komu upp alla dagana eftir hádegi, þá bætti nokkuð í vind og var hann nokkuð erfiður viðureignar. Það var líka ekki sama hvar á vellinum þú varst, því á bak við helming vallarins var byggingin hærri og því meira skjól.

Ræsing var ekki alltaf á réttum tíma, en þó náðist að halda ágætu tímaplani og þurfti ekki að bíða lengi eftir niðurstöðum úr hverjum riðli. Eftir fyrri keppnisdaginn var Pétur Már í 47. sæti með 740 stig og 29x, er það nýtt Íslandsmet þar sem keppnistíminn var stytur úr 30 mín í 20 mínútur á síðasta móti. Er þetta því fyrsta heimsmeistaramótið sem haldið er með nýja keppnistímanum. Heiða Lára var í 83. sæti með 728 stig og 30x, en það var reyndar líka nýtt Íslandsmet, þangað til að Pétur var búinn að skjóta. Eftir seinni daginn var Heiða Lára með 734 stig og 34x og samtals 1462 stig og 64x í 79. sæti. Pétur var með 721 stig og 30x og samtals 1461 stig og 61x í 80. sæti. Heilt yfir þá hefðu þau viljað skora betur, en þau fengu þó mikla reynslu og æfingu í því að taka þátt í stórmóti. Einnig mynduðust tengsl við aðra keppendur sem deila reynslu og þekkingu sem er alveg ómetanlegt. Hægt er að lesa meira um ferðasöguna á heimasíðunni okkar undir "Fréttir".

Því má bæta við að Heiða og Pétur dreifðu límmiðum með merki Skotfélags Snæfellsness sem vakti mikla lukku, sérstaklega þegar þau bentum fólki á að "googla" félagið okkar og þá fundu keppendur heimasíðuna okkar og Facebook síðu félagsins. Flestir voru dolfallnir yfir landslaginu, víðáttunni og lengd brautarinnar, þar sem mjög fáir skotvellar í Evrópu eru með lengri brautir en 50 m eða 100 m.

Dagný Rut tilnefnd sem íþróttamaður Grundarfjarðar

Grundarfjarðarbær óskar árlega eftir tilnefningum frá íþróttafélögum í sveitarfélaginu til íþróttamanns ársins. Viðkomandi þarf að hafa lögheimili í Grundarfirði. Að þessu sinni var Dagný Rut tilnefnd af Skotfélagi Snæfellsness. Dagný Rut hefur verið einn fremsti keppandi félagsins í skotíþróttum um árabíl og þá sérstaklega í PRS (Precision Rifle Series). Á árinu sem er að líða tók Dagný Rut þátt í 6 af 7 mótum í Íslandsmeistaramótaröðinni í PRS sem haldin voru um allt land. Þar keppti hún í verksmiðjuflokki.

Á þessum 6 mótum sem hún tók þátt í vann hún til tvennra gullverðlauna og fékk 4 silfur. Hún var í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn alveg fram á síðasta mót, en 3 bestu mótin af 7 telja til stiga sem Íslandsmeistari. Dagný Rut endaði 2. sæti af 13 keppendum en þegar öllum 7 mótunum var lokið var hún og efsti maður jöfn á stigum í fyrsta sæti. Til að skera úr um hvort þeirra stæði uppi sem Íslandsmeistari þá var ein þraut úr lokamótinu látin skera úr um úrslitin og því endaði Dagný í öðru sæti með jafn mörg stig og Íslandsmeistarinn. Þá tók hún einnig þátt í árlegu sjómanna dagsmóti félagsins í leirdúfuskotfimi.

Landsmót í Lofbyssugreinum - Heiða Lára sigraði í loftskammbyssu

Eins og fram hefur komið er búið að vera nóg að gera hjá Heiðu Láru og Péttri á nýliðnu ári en þau keppa á flestum þeim mótum sem þau eiga kost á að taka þátt í. Í lok árs var Landsmót STÍ haldið hjá Skotdeild Keflavíkur og þar var okkar fólk mætt til keppni. Keppt var í loftskammbyssu og loftrifflí. 3 konur kepptu í Loftskammbyssu og okkar kona Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir tók gullið með 535 stig. Pétur Már fékk brons í sínum flokki. Til hamingju bæði tvö.

Í kvennaflokki í loftrifflí voru tveir keppendur, Jórunn Harðardóttir SR sem tók gullið með 597.4 stig og hún Aðalheiður Lára úr SSS tók silfrið á 545.8 stigum og skaut sig þá upp um flokk.

Landsmót STÍ í 50m þrístöðu riffli

Landsmót STÍ í 50m þrístöðu riffli fór fram í Egilshöllinni í byrjun desember. Þar var okkar kona að keppa og hafnaði í þriðja sæti.

Styrkur frá Lions klúbbi Grundarfjarðar

Í byrjun desember barst okkur veglegur peningastyrkur frá Lions klúbbi Grundarfjarðar sem ætlaður er upp í kostnað við framkvæmd við vatnsveitu fyrir skotæfingasvæðið. Framkvæmdin hefur verið í undirbúningi í lengri tíma og nýlega var gefið út framkvæmdaleyfi fyrir vatnsveitunni. Þá fáum rennandi vatn í fyrsta skipti á æfingasvæðið sem verður gríðarlega mikil framför og lyftistöng fyrir félagið.

Hingað til höfum við þurft að flytja vatn í 1000 lítra tanki á æfingasvæðið. Við hann er tengd vatnsdæla sem dælir vatni í salernin og handlaugar og af því við erum ekki enn komin með rafmagn þá hefur þurft að setja í gang ljósavél til þess að fá rafmagn í vatnsdæluna. Þennan búnað höfum við þurft að setta okkur við hingað til, en hann höfum við bara geta notað yfir sumarmánuðina því húsin hjá okkur eru ekki frostfrí vegna rafmagnsleysis.

Við færum Lionsklúbbi Grundarfjarðar okkar bestu þakkir fyrir stuðninginn því vatnsveitan mun skipta okkur miklu máli. Svo vonum við að okkur takist einnig að fá rafmagn á svæðið áður en langt um líður.

Stjórnarfundur

Um miðjan desember kom stjórn félagsins saman í Stykkishólmi til þess að fara yfir mál félagsins og skipuleggja næstu vikur. Þetta var góður fundur þar sem mikilvæg mál voru rædd. Hér er fundinum gerð skil í grófum dráttum.

Jón Pétur sá um fundarstjórn. Hann byrjaði á því að þakka stjórnarfólki fyrir gott starf og mikla virkni. Mandy gjaldkeri fór yfir fjármál félagsins sem eru nokkuð góð. Það eru þó margar kostnaðarsamar framkvæmdir fram undan og það þarf að halda vel um budduna. # Rætt var um heimasíðu félagsins sem er mjög gagnleg og mikið notuð, en hún er kostnaðarsöm fyrir félagið. Rætt var um það hvort það ætti að leggja hana niður til að spara pening en ekki var vilji fyrir því að svo stöddu. # Rætt var um vatnsveitumál. Búið er að sækja um framkvæmdaleyfi, búið er að kaupa efnið og fjármagna það. Búið er að fá verktaka til verksins og samkvæmt fundargerðum hjá Grundarfjarðarbæ er búið að samþykkja framkvæmdina. Biðin eftir framkvæmdaleyfinu hefur þó dregist á langinn og það er ljóst að ekki verður hægt að hefja framkvæmdir fyrr en næsta vor. # Jón Pétur lagði til að í nánustu framtíð verði ráðinn starfsmaður í hlutastarf hjá félaginu til þess að létta undir stjórn félagsins. Með auknum umsvifum og fjölgun félagsmanna hefur verkefnum stjórnar fjölgað ofan á önnur tímafrek verkefni s.s. skýrslugerð, umsóknir, tilnefningar, tölvupóstsamskipti, símsvaranir o.fl. Ekki var tekin afstaða til málsins að svo stöddu. # Arnar Geir og Gunnar sögðu frá PRS móti sem haldið verður í desember. Þetta verður fyrsta mótið í 2025 mótaseríunni og kemur í stað mótsins sem annars hefði verið haldið í maí 2025. # Ákveðið var að veita Heiðu Láru og Pétri Má viðurkenningu fyrir öflugt íþróttastarf og að vera fyrirmyndar félagsmenn. # Rætt var um nýja félagsheimilið sem við eigum samkvæmt afsali að fá afhent 1. júní 2025. Unnsteinn ætlar að kanna hvort að sú dagsetning standist eða hvort afhending frestist. Þá var ákveðið að panta nýja glugga og útihurð í nýja félagsheimilið og hafa það tilbúið þegar húsið fæst afhent. # Rætt var um öryggismyndavélar á æfingasvæðinu. Ákveðið var að leggja ídráttarrör í loftið í nýja skothúsinu fyrir nýju myndavélakerfi áður en gengið verður endanlega frá loftklæðningu. # Rætt var um European Pro mótið í PRS sem haldið verður hjá okkur dagana 16.-17. ágúst 2025. Rætt var um gistingu, sjálfbóðaliða, salernismál, veitingar, leyfisveitingu o.fl. Ákveðið var að halda sérstakan fund fyrir þennan viðburð eftir áramótin. # Fundið slitið kl. 18:45.

Risastór tíðindi

Í lok árs bárust okkur þau risastóru tíðindi að European PRS Pro Series í PRS riffilskotfimi verður haldið hjá okkur dagana 16. og 17. ágúst 2025. Þetta er mikil viðurkenningu fyrir æfingasvæðið okkar og mikil viðurkenning fyrir þá miklu uppbygginu sem hefur átt sér stað á æfingasvæðinu undanfarin ár.

Við erum staðráðin í að vanda vel til verka og erum nú þegar farin að funda og skipuleggja mótið ásamt PRS Ísland. Við áætluðum að fá til okkar u.þ.b. 120 keppendur frá allri Evrópu og víðar ásamt fylgdarliði. Það er því ljóst að næstu mánuðir verða mjög annasamir hjá okkur en jafnframt mjög spennandi.

Jólabjallan 2024


Milli jóla og nýárs var haldið PRS mót á æfingasvæðinu okkar sem bar nafnið "Jólabjallan 2024". Þetta var síðasta mót ársins hjá okkur en jafnframt fyrsta mótið sem telur til stiga árið 2025 hjá PRS Ísland. Níu keppendur mættu til leiks en vetrar konungur réði ríkjum og aðstæður voru krefjandi. Gera þurfti hlé á keppninni af og til þegar verstu hríðirnar gengu yfir en mótið endaði þannig að Ármann náði fyrsta sæti, Bjarni var í öðru og Arnar í því þriðja. Við hlökkum til að ganga inn í nýtt ár saman og skipuleggja nýja viðburði á nýju ári.



Samantekt

Þetta hefur verið viðburðaríkt ár. Mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá félaginu, aðstaða til skotæfinga er alltaf að verða betri og það má sjá á bættum árangri hjá okkar félagsmönnum. Okkar fólk hefur verið að ná eftirtektarverðum árangri um allt land og einnig í Noregi, Hollandi, Spáni og í Ameríku. Fljótlega munum við fá nýtt félagsheimili afhent sem er orðið algjörlega nauðsynlegt því félagsmönnum hefur fjölgað mikið og gamla félagsheimilið rúmar ekki allan þennan fjölda sem nú stundar skotæfingar hjá félaginu. Eins og segir í lögum félagsins þá er markmið félagsins einmitt að bæta aðstöðu félagsmanna og sjá þeim fyrir húsnæði fyrir félagsfundi og við erum hvergi nærri hætt í þeirri uppbyggingu. Uppbyggingin mun svo vonandi stuðla að enn betri árangri félagsmanna á keppnisvöllinum og áframhaldandi fjölgun í félaginu því öflugt íþróttastarf er ákaflega mikilvægt.


F.h. Skotfélags Snæfellsness

Jón Pétur Pétursson – meðstjórnandi Skotfélags Snæfellsness









Aðalheiður vlogg van Ísland naar Druten voor een schiettoernooi: 'We staan geen laatste'



Golfklúbburinn Vestarr

Formaður, Garðar Svansson

Gjaldkeri, Anna María Reynisdóttir

Gjaldkeri, Hinrik Konráðsson

Meðstjórnendur. Hugrún Elísdóttir, Helga Reynisdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Steinar Þór Alfreðsson, Heimir Þór Ásgeirsson,

Félagar 340

Fyrir ári síðan var staðan töluvert öðru vísi hjá stjórn og félagsmönnum Vestarr en hún er í dag.

Allt útlit var fyrir að við hefðum engan stað til að spila golf. Mikil vinna var lögð í að leysa úr þeim kröggum sem upp var kominn. Með bjartsýni, dugnaði og stuðningi félagsmanna var farið af stað í samningarviðræður við landeiganda um kaup á íþróttasvæði til golfiðkunnar. Gerður var samningur við Grundarfjarðarbæ um fjármögnun á hluta kostnaðar vegna kaupsamnings. Einnig var leitað til félagsmanna, fyrirtækja og velunnara klúbbsins um fjármögnun vegna kaupa.

Skemmst er frá því að segja að viðtökur við beiðnum okkar við aðstoð var langt umfram væntingar okkar og erum við ótrúlega stolt af þeirri stöðu sem við erum í dag.

Það er því full ástæða til að óska okkur öllum til hamingju.

Fram undan er svo að setja fullan kraft í uppbyggingu vallar og eflingu félagsstarf. Við finnum vel fyrir því hjá félagsfólki að það er kraftur og áhugi fyrir því að vinna með okkur í þessum verkefnum okkar. Einnig er eitt mikilvægt verkefni ólokið sem er að klára greiðslur á eftirstöðvum vegna kaupa á íþróttasvæðis. Stjórn mun því vera óþreytandi að leita til félagsmanna og velunnara þar til greitt hefur verið að fullu fyrir íþróttasvæðið.

Rekstur á liðnu ári gekk nokkuð vel þó seint væri farið af stað að öllu leiti. Óvissa í samningum og staða fjármögnunar spiluðu þar inn í en af stað fórum við. Starfmenn á velli og í skála unnu gott verk. Nefndir störfuðu vel. Og félagar voru tilbúnir til að aðstoða við ýmis störf sem sinna þyrfti svo allt væri sem best.

Byggð var ný brú yfir vatnið á 9. braut, göngustígar lagfærðir og unnið í lagfæringum á flötum eru hlutar þess sem gert var á árinu.

Samningur um slátt á opnum svæðum fyrir Grundarfjarðarbæ var framlengdur til næstu fimm ára. Uppbyggingarsamningur vegna kaupa á íþróttasvæði var einnig undirritaður við Grundarfjarðarbæ og er hann til 9 ára.

Vegna ótrúlegs veðurfars var mótahald einstaklega erfitt en mótanefnd gerði sitt besta í að halda úti góðri mótadagskrá. Má þar nefna að ekki tókst að halda meistaramót þetta árið. Ný mótaráð fyrir konur fór af stað í samstarfi við nágrannaklúbbanna og vakt hún mikla lukku hjá

konunum. Samið var við Valdís Þóru Jónsdóttir um kennslu og kom hún tvisvar í sumar. Ánægja var með störf hennar og erum við búinn að óska eftir framhaldi á kennslu hjá henni á komandi sumri.

Lið GVG tók þátt í 4. deild karla í sveitakeppni GSÍ og stóðu þeir sig ágætlega. Ákveðið hefur verið að 4. deild karla verði spiluð í Grundarfirði um miðja ágúst. Þann 27. júlí í sumar verður svo Vestarr 30 ára. Í tilefni dagsins verður haldið afmælislegt mót þann dag og væntum við góðrar þátttöku þar. Hvetjum við félagana til að taka daginn frá, mæta í mót og taka þátt í fagnaði að mótloknu.

Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa tekið þátt í starfinu með okkur á árinu, hlökkum til að vinna með ykkur á okkar eiginn velli og eigum góðar stundir í starfi og leik.

Mótahald GVG sumarið 2024 var með hefðbundnu sniði. Haldin voru 11 mót sem er svipaður fjöldi og síðustu ár.

Fyrsta mót sumarsins var haldið í lok maí en það var Sjómannadagsmót G. Run og síðast mótið var haldið í september en það er Minningarmótið um fallna félagana.

Kvennanefndirnar í golfklúbbunum á Snæfellsnesi voru með kvennamótaröð í sumar sem tókst mjög vel og virkilega góð þátttaka og gaman að sjá hvað það eru margar konur að byrja í golfi. Veglegir vinningar voru á mótunum og góðar veitingar.

Soffanías Cecilsson mótaröðin var á sínum stað. Mótaröðin náði yfir 6 mót og var þátttakan á mótaröðinni þetta árið frekar dræm. Sigurvegari á mótaröðinni sumarið 2024 var Runólfur Kristjánsson með 147 punkta. Í 2. sæti var Páll Guðmundsson með 142 og í 3. sæti var Guðni Hallgrímsson með 133 punkta.

Ekkert meistaramót var haldið þar sem skráning á mótið var það léleg að ekki var forsvaranlegt að halda mótið. En skráning á meistaramót GVG á síðustu árum hefur verið mjög léleg og ýmislegt reynt til að fá fleiri til að spila eins og að breyta mótinu í 3ja daga mót og einnig að hafa mótið í lok júní í staðin fyrir byrjun júlí. Við vonum að núna séu bjartari tímar framundan og þátttaka mótum á næstu árum eigi eftir að aukast.

Opna Soffamótið - Á góðri stund var haldið í júlí. Mjög góð þátttaka var á því móti eða 54 keppendur. Spilað var með punkta fyrirkomulagi en jafnframt voru veitt verðlaun fyrir besta skor. Úrslitin voru þau að í 1. sæti var Anna María Reynisdóttir (GVG) með 44 punkta, í 2. sæti Aron Freyr Ragnarsson (GVG) með 42 punkta og í 3. sæti Vignir Þór Ásgeirsson (Mostra) með 41 punkt. Margeir Ingi Rúnarsson (Mostra) var með besta skor og spilaði völlinn á 68 höggum.

Stjórn Vestarr

Golfklúbburinn Jökull

Stjórn GJÓ 2024

Formaður	Jón Bjarki Jónatansson
Varaformaður	Rögnvaldur Ólafsson
Gjaldkeri	Jóhann Pétursson
Ritari og formaður vallarnefndar	Hjörtur Ragnarsson
Formaður mótanefndar	Hjörtur Guðmundsson
Meðstjórnandi	Rebekka Heimisdóttir
Meðstjórnandi	Ríkharður Einar Kristjánsson

Vallarnefnd: Hjörtur Ragnarsson, Jóhann Rúnar Kristinsson og Sigurður Gunnarsson

Mótanefnd: Hjörtur Guðmundsson, Jón Steinar Ólafsson og Ríkharður Einar Kristjánsson

Kvennanefnd: Auður Kjartansdóttir, Rebekka Heimisdóttir, Helga Guðjónsdóttir og Guðrún Anna Oddsdóttir

Starfsár GJÓ 2024 fór vel fram og var mikil gróska í starfi golfklúbbsins. Félagar klúbbsins voru 86 talsins, nýir meðlimir gengu í klúbbinn ásamt því að aðrir meðlimir gengu úr klúbbum.

Mikil aðsókn hefur verið í golfherminn sem hefur verið starfræktur hjá GJÓ síðan 2021. Aðsókn í herminn hefur aukist með hverju árinu og hefur komið sér vel fyrir kylfinga áður en þeir komast á vellina á vorin.

Þó nokkuð um fyrirspurnir koma ár hvert um kennslu og hefur klúbburinn staðið fyrir því að fá þjálfara að koma vestur en því miður hefur aðsókn meðlima ekki verið góð og því hefur kennsla og þjálfun iðulega verið felld niður.

Mótanefnd stóð fyrir mótahaldi sem var með svipuðu sniði og síðast liðin ár. Fyrsta mót ársins fór fram 30. maí og það síðasta 15. september. Eins og síðustu ár var GJÓ í samstarfi við Landsbankann þar sem vikuleg mótaröð stóð yfir sumarið, vegna veðurs voru mótin mis vel sótt en hafa alla tíð verið vinsæl mótaröð hjá meðlimum klúbbsins og hafa nýliðar sérstaklega verið hvattir til að taka þátt. Það var svo hún Katrín Gísladóttir sem stóð upp sem sigurvegari Landsbankamótaráðarinnar. Haldin voru önnur mót, Aukakrónumót Landsbankans, Sjómannadagsmót og Shoot-out mót, sem haldið var í annað skipti en þar stóð Eiríkur Gautsson uppi sem sigurvegari ásamt því fór hann holu í höggi á 6. braut. Kvennamótaröð Snæfellsnes fór fram í fyrsta skipti í samstarfi við kvennanefndir golfklúbba á Snæfellsnesi. En þriðja og síðasta mót í kvennamótaröðinni var haldið á Fróðárvelli þann 15. ágúst þar sem 25 konur skráðu sig til leiks.

GJÓ hafnaði í 2. sæti á Íslandsmóti golfklúbba í 4. deild karla sem fór fram á Kálfatjarnarvelli hjá Golfklúbbi Vatnsleysustrandar dagana 16.-18. ágúst.

Meistaramót GJÓ var haldið dagana 3. -5. júlí. Keppendur voru 17 sem er fjölgun um sex síðan í fyrra.

Meistarar Golfklúbbsins Jökuls Ólafsvík árið 2024 eru þau Auður Kjartansdóttir og Rögnvaldur Ólafsson.

Sigurður Gunnarsson var vallarstjóri og hafði yfirumsjón með vilhaldsverkum og slætti á Fróðárvelli ásamt því sá hann um slátt á Rifsvelli. Sigurður lagði mikla vinnu í umhirðu vallarins og sá til þess að völlurinn var snyrtilegur og gerði vel í allri hirðingu og viðhaldi og kunnum við í stjórninni honum bestu þakkir fyrir.

Framkvæmdir á nýja golfvöllinum á Rifi ganga vel, mikill vöxtur var á flötum, brautum og teigum. Vökvunarkerfið hefur reynst vel og mikil vinna af hendi Hjartar Ragnarssonar var lögð í uppbyggingu vallarins þetta starfsár, þar sá hann um yfirumsjón með þeirri vinnu sem þörf var á. En þá er töluverð vinna fram undan og eru vonir bundnar við að hægt verði að opna völlinn fyrir almenningi árið 2026.

Rekstur Golfklúbbsins Jökuls er háður stuðningi margra aðila, fyrirtækja, einstaklinga og Snæfellsbæjar. Enn fremur er rekstur og uppbygging klúbbsins háður sjálfböðavinnu félagsmanna og væri ekki mögulegur án þess fórnfúsa starfs sem þeirra inna af hendi. Klúbburinn þakkar öllum velunnurum sínum fyrir stuðninginn.

Fram undan eru spennandi tímar sem þarf að nýta vel. Nýi golfvöllurinn á Rifi þarfnast mestu vinnunnar svo hægt sé að opna hann á tilsettum tíma, en nýi völlurinn mun spila lykil þátt í að stækka og styrkja klúbbinn. Til stendur að byggja golfskála og opna æfingasvæði við nýja völlinn en fyrst og fremst er að gera völlinn sjálfan tilbúin. Heimasíða fyrir GJÓ er í vinnslu sem mun auka aðgengi að upplýsingum um klúbbinn ásamt því að auðveldara verður að auglýsa viðburði og önnur mikilvæg málefni. Lykil atriði í að halda starfi golfklúbbsins gangandi með farsælum hætti er að fá fleiri meðlimi og að virkja unga fólkið í íþróttina. Með nýrri aðstöðu og auknu aðgengi að upplýsingum um klúbbinn vonumst við til að sem flest gangi í klúbbinn og iðki golfíþróttina að krafti.

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði starfsemi Golfklúbbsins. Lokið er 51. starfsári GJÓ og stjórn vill þakka starfsmönnum og sjálfböðaliðum fyrir samstarfið á árinu.

6. mars 2025

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Jökuls

Jón Bjarki Jónatansson

Golfklúbburinn Mostri

Ágætu félagar, eins og fyrri ár gekk árið 2024 vel hjá okkur í Mostra, hvort sem litið er til vallarins og umhirðu hans, reksturs, umsjónar í golfskála og á tjaldsvæði eða mótahalds.

Starfsmenn á vellinum voru þrír síðastliðið sumar, Sindri Þór Guðmundsson vallarstjóri, Elías Viðar Guðmundsson og Margeir B. Oscarsson. Sinntu þeir vellinum með þryði og fékk völlumurinn mikið lof frá þeim gestum sem spiluðu hjá okkur. Bjargey Jónsdóttir stýrði góðum hópi starfsfólks í skála og á tjaldsvæði. Ásamt Bjargeyju báru Ragnheiður Einarsdóttir, Adda S. Ámundsdóttir og Um-Ayush Khash-Erdene, hitann og þungann af starfsemi í skálanum ásamt umsjón með tjaldsvæðinu og var þjónustunni í skálanum ekki minna hælt en vellinum. Auk þessara starfsmanna komu hinir ýmsu aðilar og hlupu undir bagga þegar á þurfti að halda og fá þeir miklar þakkir fyrir.

Sem stendur eru framkvæmdir við stækkun á skálanum, sem hófust í byrjun árs 2024, enn á fullu og verður ánægjulegt þegar þeim verður lokið. Fjölmargir félagsmenn hafa komið að þessum framkvæmdum með einum eða öðrum hætti og unnið mikið og óeigingjarnt sjálfboðastarf í þágu klúbbsins.

Í nóvember á liðnu ári náði Golfklúbburinn Mostri þeim merka áfanga að verða 40 ára gamall. Haldið var upp á þann viðburð með ýmsum hætti yfir sumarið og haustið. Skipulögð var afmælisferð til Fairplay á Spáni af þessu tilefni og fóru 14 kylfingar út og nutu sín í blíðu milli 20. og 30. september.

Mótahald og mótstjórn gekk vel í umsjá mótanefndar undir tryggri stjórn og handleiðslu Hólmgæirs.

Fyrsta mót sumarsins var haldið 11. maí og það síðasta 15. september. Stóru mótin okkar voru á sínum stað sem eru Þórsnesmótið og Hjóna- og paramótið sem haldið hefur verið í samstafi við Fosshótel og Golfsögu og var það fullbókað eins og undanfarin ár. Meistaramót Mostra var haldið í lok júní og voru 25 þátttakendur í þeim fimm flokkum sem keppt var í. Ekkert varð af vinaklúbbakeppni GMS og GVG þetta árið. Á árinu 2024 var í fyrsta skipti haldið minningarmót Mostra til heiðurs þeim félagsmönnum sem fallið hafa frá í 40 ára sögu klúbbsins.

Klúbbmeistarar Mostra árið 2024 eru:

Í 1. flokki kk. Margeir Ingi Rúnarsson

Í 1. flokki kvk. Karín Herta Hafsteinsdóttir

Í 2. flokki kk. Guðni Sumarliðason

Í 2. flokki kvk. Svava Pétursdóttir

Í 3. flokki kk. Hólmgæir S. Þorsteinsson

Auk stóru mótanna okkar voru að venju hin ýmsu minni mót eins og miðvikudagsmótin, sem haldin voru í sex skipti, Einstæðingurinn, Jónsmessumót, kvennamót og fleiri.

Rekstur klúbbsins gekk ágætlega árið 2024. Var klúbburinn rekinn með rúmlega 4,3 milljón kr. hagnaði sem er mjög ásættanlegt niðurstaða eftir minni tekjur af tjaldsvæðinu en undanfarin ár. Þar er um að kenna afar döpru tíðarfari í sumar.

Skráðir félagar í golfklúbbum Mostra voru 130 talsins í byrjun febrúar 2025.

Með þökkum fyrir frábært golfár og tilhlökkun til þess næsta.

Magnús Þór Jónsson



Golfklúbbur Staðarsveitar

Aðalfundur Golfklúbbs Staðarsveitar var haldinn í Athvarfinu klúbbhúsi golfklúbbsins í Vatnsholti þann 27.02.2025.

Á aðlafundinum var Árskýrsla og Ársreikningur fyrir árið 2024 samþykkt samhljóða.

Stjórn GST

Formaður: Haukur Þórðarson

Ritari: Kristján Þórðarson

Gjaldkeri: Jón Svavar Þórðarson

Vara formaður: Kristinn Jón Einarsson

Vara gjaldkeri: Þorkell S Símonarson

Vara ritari: Ólafur Jóhannes Sólmundsson

Golfklúbbur Staðarsveitar er lítill klúbbur en félagar eru 44 og um 20% virkir sem sjá um rekstur og viðhald vallar og véla í sjálfboðavinnu. Aðkeypt vinna er í lámarki.

Árskýrsla formanns

Starf Golfklúbbs Staðarsveitar árið 2024 var með hefðbundnum hætti. Rekstur Garðavallar undir Jökli gekk þökkalega ekki síst fyrir velvilja fjölda fyrirtækja sem lögðu okkur lið með fjárstuðningi og tekjum af gestum sem hefur haldist síðan á covid tímanum og erlendir ferðamenn hafa látið sjá sig á ný. Höfum samstarf með Gistihúsinu Langaholti árið 2019 og buðum upp á tilboð sem hefur aukið tekjur okkar. Tíðafarið var frekar blautt mest allt sumrið og það gekk vel að halda vellinum í góðu lagi. Félagatal stendur í stað og alltaf eldist hópurinn sem stendur vaktina og sinnir vellinum. Þó er aukinn áhugi barna á svæðinu á golfi sem er jákvætt og munum við hlúa þeim þætti næstu árin. Það er samt engann bilbug að finna á félögum vegna þess að við höfum unnið að því að gera slátt sjálvirkann eins mikið og hægt er með róbotum og létir það störfín.

Mótastarf

Golfsumarið var tekið snemma með svokölluðu **Kríumóti** sem haldið var snemma í maí og var vel mætt af félögum okkar frá öllum klúbbum héðan af Snæfellsnesi og víðar af Vesturlandi.

Afmælimót Formanssins var haldið í júlí þegar hann fagnaði þeim tímamótum að losna undan því að þurfa að sjá af tekjum sínum í lífeyrissjóð. Veðrið lék við gesti dagssins og fóru gestir sælir og ánægðir heim eftir veitingar og frábært skor.

Töðugjöld voru á dagskrá í ágúst eins og undanfarin ár opið mót sem Hótel Búðir styrkir með frábærum vinningum.

Tuddamótið var haldið 7. september. Þetta mót er opið punktamót með glæsilegum verðlaunum úr sveitinni. Þetta mót var líka meistaramóti okkar félaga í GST. Meistarar klúbbsins þetta árið urðu Kristján Þórðarson klúbbmeistari án forgjafar og Ólafur Sólmundsson klúbbmeistari með forgjöf. Hlutu þeir veglega bikara til geymslu eitt ár og fá nöfn sín grafinn á þá. Um kvöldið er svo haldin uppskeruhátíð klúbbsins.

Framkvæmdir

Haldið var áfram að laga völlinn eins og fjármagn leyfði. Tveir starfsmenn voru við störf á vellinum megnið af sumarinu. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að setja upp vökvunarkerfi á öll grín vallarins og í sumar var haldið áfram þeirri vinnu og hefur það stórbætt ástand gínanna því þau eru viðkvæm fyrir þurkum enda öll á sandlagi. Unnið er að bættri upplifun gesta af vellinum með góðri umhirðu og bættu aðgengi og liður í því var að hannaðir voru setbækkir og þeim komið fyrir við alla teiga og göngubrú yfir á 3. teig. Þá var völlurinn metinn upp á nýtt vegna forgjafar og merkingar endurnýjaðar. Nýr teigur var svo gerður á 4. braut.

Næsta sumar verður á áætlun að bæta æfingasvæðið verulega.

Rekstur Félagsins og framtíðarsýn

Það er kostnaðaramt að haldi úti golfvelli með dýrum tækjum og mikilli vinnu en okkur hefur tekist það undanfarin ár og verið heppnir með að tækin hafa ekki verið bilanagjörn en þau eru komin á aldur og þörf á endurnýjun. Sjálfvirkni á slætti er hafin en síðasta sumar var prufukeyrður einn róbóti sem sá um slátt á röffi á vesturhelmingi vallarins. Gafst þetta vel og stefnt er að allt röff á vellinum verði í umsjón sláttu róbóta næsta sumar. Áfram verður unnið að því að laða unga fólkið að íþróttinni með æfingum og þar kemur aðstaða okkar í Athvarfinu að góðum notum.

Lokaorð

Það er alltaf átak í gangi til að fá fleiri heimamenn til liðs við klúbbinn með kennslu í golfi og nýtir klúbburinn nú golfhermir til þess að laða fólk að íþróttinni og sérstaklega börn af svæðinu. Er það von okkar að það verði einhver fjölgun í klúbbnum á næstu árum. Síðustu tvö ár hefur klúbburinn unnið að því að koma sér upp klúbbhúsi með aðstöðu fyrir félagsstarf og golfhermi. Það hafðist að koma því gagnið í desember 2020 og er aðstaðan hin glæsilegasta. En hvað sem fjármálum og ytri aðstæðum líður á komandi ári stefnir Golfklúbbur Staðarsveitar ótrauður á að gera félagsmönnum sínum til hæfis og að bæta völlinn sinn þannig að það verði eftirsóknarvert fyrir alla að koma og spila hann.

Haukur Þórðarson formaður

